

Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni

fasteignir hús
í MIÐJU BLAÐSINS



Byrjar með sjónvarpsþátt á Skjá einum

Þátturinn fjallar um meðgöngu, fæðingu og fyrstu skrefin
FÓLK 34



Kemst ágætlega frá hlutverkinu í Carmen

Sýningin er veisla fyrir augað
MENNING 26



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

16. janúar 2006 — 15. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Gerir upp hinn fornfræga stað 22

Gunnar Már Práins-son ætlar að bjóða upp á klúbb að hætti evrópskra stórborga.

FÓLK 34



Gríðarlegt tap bregðist loðnan

Óvissa er um loðnuveiðar á Íslands-miðum og kenningar uppi um að loðnan sé að færa sig í kaldari sjó. Aðrir telja að árgangurinn 2004 hafi misfarist. Það hefur gerst á árum áður.

BAKSVÍÐ 12

Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs

Í dag eru liðin 30 ár síðan Ólafur Jóhann Sigurðsson hlaut verðlaunin, fyrstur Íslendinga.

TÍMAMÓT 20



Viggó bætti met Þorbjörns

Viggó Sigurðsson bætti met Þorbjörns Jenssonar í gær þegar handboltalandsliðið lék sinn sextánda leik í röð undir hans stjórn án taps. Ísland gerði í gær jafntefli við Noreg, 32-32.

ÍÞRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



LÍTILSHÁTTAR ÉL Á vesturhluta landsins og snjökoma framan af degi fyrir austan en svo úrkomulítið og léttir smám saman til suðaustan til. Frost 1-9 stig, kaldast inn til landsins fyrir norðan.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 25-45 ÁRA

Húsnæðisleitin hefst í Fréttablaðinu

31%



Allt-fasteignir á mánuðegi

16%



Fasteignablað Morgunblaðsins

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Konunum hafnað í prófkjöri í Garðabæ

Konur eru undrandi á því að engin kona náði kosningu í fjögur efstu sætin í prófkjöri sjálfstæðismanna í Garðabæ. Ásta Möller segir prófkjörsniðurstöðuna slys. Laufey Jóhannsdóttir segir konum hafnað. Það sé áfall og áfellisdomur.

PRÓFKJÖR Sjálfstæðiskonur eru undrandi og ósáttar við hlut kvenna í prófkjöri í Garðabæ á laugardag. Karlar skipa fjögur efstu sætin. Sjö konur og fimm karlar buðu sig fram. Konur náðu fimmta, sjötta og sjöunda sæti.

„Niðurstaðan er áfall fyrir konur og áfellisdomur. Konum er hafnað í prófkjöri í Garðabæ,“ segir Laufey Jóhannsdóttir, núverandi bæjarfulltrúi sem lenti í sjöunda sæti. Sjálf er hún ekki sár yfir slæmu gengi sínu.

Ásta Möller, formaður Landsambands sjálfstæðiskvenna, segir niðurstöðuna slys sem hvorki eigi né megi gerast. „Þarna voru frambærilegir karlar, það vantar ekki, en líka mjög frambærilegar og góðar konur með mikla reynslu sem og nýjar og öflugar,“ segir Ásta. „Ég held að Garðabæingar

purfi að skoða hvaða kostir eru í stöðunni, hvort og þá til hvaða ráða hægt sé að grípa.“

Erling Ásgeirsson bæjarfulltrúi hreppti fyrsta sætið. Hann segir að vinna þurfi í góðri sátt við alla eigi að hrófla við úrslitum prófkjörsins. „Vegna mikillar þátttöku í prófkjöri eru niðurstöðurnar í fyrstu sjö sætin bindandi,“ segir Erling. „En það er jú fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Garðabæ sem hefur síðasta orðið um það hvornig framboðslistinn verður settur saman.“

Jón Guðmundsson, formaður fulltrúaráðsins, segir ráðið funda á næstu dögum. Þar verði niðurstaða prófkjörsins rædd. Ekki sé útilokað, þó ólíklegt sé, að breytingar verði gerðar. Fordæmi séu fyrir því að karl víki úr sæti fyrir konu.

Laufey segir greinilegt að konur sýni ekki sama liðstyrk og karlar sýni hvor öðrum. „Það er alveg ljóst að framboðslisti sem er eingöngu skipaður körlum í bæjarstjórnarkosningunum í vor fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins er ekki sigurstranglegur.“ Ragnheiður Inga Guðbjartsdóttir, er sammála því þótt hún sé ánægð með þann mikla stuðning sem hún fékk í prófkjöri, hún stefndi á þriðja til fjórða sæti en hlaut það fimmta.

Flokksmönnum í félagi sjálfstæðismanna í Garðabæ fjölgaði um ríflega helming í aðdraganda kjörsins. Kosningaþátttakan var nær 81 prósent. Laufey segir að smalað hafi verið í prófkjöri til síðustu stundu: „Þetta er ekki lengur prófkjör sjálfstæðismanna í Garðabæ heldur er þetta prófkjör sjálfstæðismanna í karlabæ.“ - gag



BJÖRGUNARMENN MEÐ FLEKANN Björgunarmenn notuðu fleka til að ná konunum upp úr vökinni.

Slys á Rauðavatni:

Féllu ofan í vök

SLYS Tvær konur féllu niður um vök á Rauðavatni þegar þær voru á gangi þar um 50 metra frá landi rétt fyrir klukkan eitt í gær.

Sjúkraliðsmenn, slökkviliðsmenn og lögreglumenn voru fljótlega komnir á svæðið og náðu þeim upp úr vatninu en lögreglan telur að þær hafi verið í um tíu mínútur ofan í. Önnur var send á slysadeild en fór fljótlega heim. Þær voru á göngu ásamt gönguhópi þegar ís brotnaði undan þeim með fyrrgreindum afleiðingum. - jse



SJÚKRAFLUTNINGAR Komið með hina slösuðu úr Líf, þyrilu Landhelgisgæslunnar, á Landspítala - háskólasjúkrahús í gær.

Landhelgisgæslan:

Tveir slasaðir af fjöllum

SLYS Þyrilu Landhelgisgæslunnar náði í tvo slasaða í gær. Fyrst barst tilkynning um að vélsleðamaður hefði slasast þegar hann blindaðist og keyrði í skafi við Halldórsfell skammt hjá Landmannalaugum. Skall hann með brjóstið á stýri. Að sögn vakthafandi lækni á Landspítalanum er hann með brjóstholsaverka en er ekki í lífshættu.

Á leiðinni til Reykjavíkur sótti þyrilan stúlku sem slasaðist á skíðum í Bláfjöllum. Hún fór heim eftir lækni skoðun. - jse

Litboltabyssumaður:

Skaut ítrekað á nágrannann

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hafði afskipti af byssumanni sem skaut 18 skotum úr litboltabyssu á hús nágranna síns um klukkan ellefu á laugardagsmorgun. Skaut hann af svölum sínum í fjölbýlishúsi í Njarðvík að öðru fjölbýlishúsi sem er í um 50 metra fjarlægð.

Að sögn lögreglunnar eru þessar byssur nokkuð kraftmiklar og geta því verið hættulegar. Tök lögreglan byssuna í sína vörslu og má maðurinn eiga von á að verða ákærður fyrir brot á vopnalaögum. Að sögn lögreglu fékk hann einnig föðurlagt tiltal, en nokkuð er um að afskipti séu höfð af unglingum við svona iðju en þessi byssumaður var á fullorðinsaldri. Gaf hann þá skýringu á athæfinu að hann vildi hrella nágranna sinn. - jse



SIGURSTEINN MÁSSON Í PREDIKUNARSTÓL Fulltrúar samkynhneigðra stígu í predikunarstól í Frikirkjunni í gær en guðspjónustan var tileinkuð baráttu þeirra. Landsþekktir tónlistarmenn léku fyrir safnaðargesti sem fylltu kirkjuna. Hér sést Sigursteinn Másson hins vegar predika og hið sama gerði Ragnhildur Sverrisdóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kosið verður milli tveggja efstu í forsetakosningunum í Finnlandi:

Halonen náði ekki meirihluta

FINNLAND, AP Tarja Halonen, forseti Finnlands, náði rúmum 46 prósentum atkvæða í forsetakosningum þar í landi fyrir næstu forsetakosningar.


Þar af leiðandi þarf hún að heyja kosningaeinvígi við framboðanda íhaldsmanna, Sauli Niinisto sem náði rúmum 24% atkvæða, ætli hún að ná endurkjöri. Halonen, sem er fyrsti kvenforseti Finnlands, þurfti meira en

50% atkvæða til þess að komast hjá kosningaeinvíginu.

Í þriðja sæti í kosningunum var Matti Vanhanen, forsætisráðherra, með tæp 19% atkvæða. „Þetta er synd en það þýðir ekkert að kvarta. Ég er ennþá í góðri stöðu,“ sagði Halonen nokkuð vonsvikin þegar úrslitin voru orðin ljós. Fimm frambjóðendur úr smærri stjórnmálaflokkum,

tóku þátt í kosningunum. Fengu þeir á bilinu 0,4 til 3,5% atkvæða. Kosningaþáttaka var rétt undir 74%, sem er þremur prósentum minna en í síðustu forsetakosningum.

Önnur umferð forsetakosninganna verður haldin 29. janúar. Þá kemur í ljós hvort Halonen muni sitja í forsetastólnum í sex ár til viðbótar. - fb



SPURNING DAGSINS

Guðmundur, á ekki að fara að ganga frá göngunum?

Jú, svo lengi sem fólkíð gengur með okkur. Það gengur ekkert annað.

Guðmundur Hallvarðsson er formaður samgöngunefndar Alþingis, en nú er unnið að því að bæta samgöngur við Bolungarvík hugsanlega með því að leggja þaðan göng sem koma inn í Vestfjarðargöngin.



BÆJARFULLTRÚI Oktavía situr enn í bæjarstjórn Akureyrar fyrir Samfylkinguna.

Prófkjör sjálfstæðismanna: Oktavía ætlar í framboð

STJÓRN MÁL Oktavía Jóhannesdóttir, eini bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, hefur ákveðið að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Akureyri vegna komandi sveitarstjórnarkosninga. Oktavía, sem sagði skilið við Samfylkinguna skömmu fyrir áramót, sækist eftir 3. til 4. sæti á listanum.

Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi sveitarstjóri Skútustaðahrepps og þingmaður Alþýðuflokksins, hefur einnig gengið til liðs við sjálfstæðismenn á Akureyri og hann stefnir á annað til fjórða sæti í prófkjörinu. -kk

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Bausmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á muna aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Lögmaður segir Fjármálaeftirlitið með illa fengin gögn:

Lögreglurannsókn kærð

DÓMSMÁL Lögmaður hjá Lögmönnum í Laugardal hefur kært hluta rannsóknar ríkislögrelustjóra til Héraðsdóms Reykjavíkur. Hann telur upplýsingar af bankareikningi fyrirtækisins, sem ríkislögrelustjóri fékk frá Fjármálaeftirlitinu, illa fengin.

Fjármálaeftirlitið fékk úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur í lok nóvember um að aflétta skyldi bankaleynd af reikningum lögmansins hjá Landsbankanum til að rannsaka eignatengsl í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Lög um eftirlitið voru tekin fram yfir lög um trúnaðarskyldu lögmanna.

Lögmaðurinn, Karl Georg Sig-



KARL GEORG SIGURBJÖRNSSON Lögmaðurinn segir upplýsingar af bankareikningi illa fengin.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

urbjörnsson, segir að 78. grein opinberra mála hafi verið brotin.

„Kæran gefur okkur tækifæri til að bera einstakar rannsóknarathafnir lögreglu undir dóminn.“

Karl Georg segir vafasamt að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafi sótt úrskurðinn utan almenns skrifstofutíma. Niðurstaðan gæti hafa orðið önnur hefði málið fengið meiri skoðun hjá dómstjóra. Karl segir einnig ámælisvert að eftirlitið skyldi ekki upplýsa dómarrann á kæravakt um mánaðalöng samskipti milli hans og eftirlitsins og að hann hafði neitað þeim um aðgang að reikningunum til að brjóta ekki trúnað við skjólstæðinga sína. Niðurstöðu héraðsdóms er að vænta í næstu viku. -gag

Fundu erfðabreytileika sykursýki 2

Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa fundið erfðabreytileika sem tengist sykursýki af gerð 2. Niðurstöður umfangsmikilla rannsókna gætu leitt til þróunar á nýjum meðferðar- og greiningarúræðum.

ERFÐAFRÆÐI Grein eftir vísindamenn og samstarfsaðila Íslenskrar erfðagreiningar birtist í gær í hinu virta vísindatímariti Nature genetics um einangrun á erfðabreytileika sem veldur aukinni hættu á sykursýki af gerð 2.

Þetta er í fyrsta sinn sem vísindamönnum tekst að einangra algengan erfðabreytileika sem hefur veruleg áhrif á myndun sjúkdómsins. Erfðabreytileikinn fannst í rannsóknum á Íslandi en niðurstöðurnar hafa síðan verið staðfestar í Danmörku og Bandaríkjunum.

Sykursýki af gerð 2 hefur með aukinni velmegun orðið eitt stærsta heilbrigðisvandamál vestrænna landa. Sjúkdómurinn hrjár um 200 milljónir manna í heiminum og Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin (WHO) gerir ráð fyrir að fjöldinn verði kominn í 300 milljónir árið 2025. Sjúkdómurinn tengist offitu og tíðni hans eykst því hratt samfara aukinni tíðni offitu í heiminum. Er jafnvel talað um faraldur í þessu sambandi. Flestir sem greinast með þessa tegund sykursýki eru komnir yfir fertugt. Myndast sjúkdómurinn af því að líkaminn nær ekki að vinna nægilega vel úr því insúlíni sem er í líkamanum.

Um fimm þúsund einstaklingar hafa verið greindir með sykursýki af gerð 2 hér á landi en talið er að fyrir hvern þann sem greindur er með sýkina séu tveir til þrír með sjúkdóminn ógreindan.

Sykursýki 1 er aftur á móti sú tegund sykursýki sem greinist oftast á barns- eða unglingsaldri. Á hún rætur að rekja til þess að of



KÁRI STEFÁNSSON Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar segir að einangrun erfðabreytileikans sem tengist sykursýki 2 sé meiriháttar áfangi í mannfæðaræði.

lítið insúlín er í líkamanum. Þurfa þessir sjúklingar að sprauta sig með insúlíni, oftast tvisvar til sex sinnum á dag.

Í þeim þjóðfélagshópum sem rannsóknin á Íslandi beindist að eru yfir 30% einstaklinga með eitt eintak af erfðabreytileikanum sem veldur aukinni hættu á sykursýki 2 og meira en 7% einstaklinga bera tvö eintök. Líkurnar á því að fá sykursýki hjá þeim sem eru með eitt eintak af breytileikanum í erfðamengi sínu eru 45% meiri en hjá þeim sem ekki eru með breytileikann. Þeir sem eru með tvö eintök af breytileikanum eru í 150% meiri hættu á að fá sykursýki en

einstaklingar í viðmiðunarhópi.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, segir að uppgötvunin sé meiriháttar áfangi í mannfæðaræði. Bætur hann því við að erfðafæðingur um allan heim hafi lengi reynt að finna breytileikann sem tengist aukinni hættu á sykursýki 2. Telur hann að uppgötvunin gæti aukið skilning okkar á líffræðilegum orsökum sjúkdómsins auk þess sem hún geti haft bein áhrif á heilsugæslu, þar sem frekar einfalt sé að smíða greiningarpróf til að mæla hvort einstaklingur beri þennan breytileika.

freyr@frettabladid.is

Sjö ára geimferð lokið:

Með stjörnu-ryk til jarðar

UTAH, AP Ómannað hylki með sýni af stjörnu-ryki kom til jarðar í Utah í Bandaríkjunum í gær við mikinn fögnuð vísindamanna. Tókst lendin með miklum sóma.

Hylkið, sem hafði verið í sjö ár á ferð um geiminn, safnaði meðal annars ryki úr halastjörnunni Wild 2 árið 2004 og var það í fyrsta sinn sem slíku ryki var safnað. „Þetta var frábær endir á förinni,“ sagði Charlton Allen, vísindamaður við Johnson-geimstöðina. Vísindamenn vonast til að stjörnu-rykið muni gefa mikilvæg upplýsingar um uppruna sólkerfisins. -fb

Pétur Sigurðsson vagnstjóri: Lést á föstudag í umferðarslysi

ANDLÁT Maðurinn sem lést í umferðarslysi á Sæbraut í Reykjavík á föstudagsmorgun hét Pétur Sigurðsson.



PÉTUR SIGURÐSSON

Pétur var tæplega sextugur kjötíðnaðarmaður og strætóbílstjóri, fæddur 27. janúar 1946. Hann var til heimilis að Geitlandi 8 í Reykjavík og lætur eftir sig eiginkonu og uppkomin börn. ■

Björgunarsveitir á Suðurlandi:

Jeppar fastir í óbyggðum

BJÖRGUN Björgunarsveitir á Suðurlandi urðu að fara eftir tveimur jeppum sem festust í óbyggðum í fyrrinótt.

Um klukkan þrjú um nóttina brotnaði ís undan jeppa sem var við Gýgjarfoss norðan Kerlingarfjalla og sat hann þar fastur. Ekki náðu fórunautar að draga bílinn upp svo kallað var á björgunarsveitarmenn til aðstoðar sem náðu bílnum upp um morguninn. Á Haukadalsheiði festist svo annar jeppi en hann var öllu fyrr kominn til byggða. -jse

LÖGREGLUFRETTIR

Bílfelta í Borgarfirði Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni þegar hún rann til á hálum veginum í Norðurárdal og valt. Slysið varð um klukkan tvö í gærdag. Ökumaður slapp ná teljandi meiðsla en bifreiðin er talsvert skemmd.

Lögregla á eftir hrossum Lögreglan á Akranesi varð að smala hrossum sem hlaupið höfðu yfir grindahlíð um klukkan þrjú í gærdag og komist að veginum milli Akraness og Hvalfjarðarganga ökuönnum til hrellingar. Að sögn lögreglu gekk vel að koma hrossunum fyrir innan girðingar.

Réttarhöldin gegn Saddam:

Dómarinn sagði af sér

ÍRAK, AP Rizgar Mohammed Amin, yfirdómari í réttarhöldunum gegn Saddam Hussein, fyrrverandi forseta Íraks, hefur sagt af sér.

Íraski stríðsdómstóllinn á enn eftir að ákveða hvort fallist verði á uppsögnina. Amin sagði af sér af persónulegum ástæðum að sögn dómstólsins, en ekki vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Réttarhöldin munu hefjast á ný þann 24. janúar þrátt fyrir óvissuna varðandi þátttöku Amins.

Margir telja að dómarinn hafi sagt upp vegna gagnrýni í hans garð um að réttarhöldin yfir Saddam hafi farið úr böndunum. „Ein ástæðan fyrir uppsögn hans eru yfirlýsingar frá ráðamönnum, meðal annars frá dómsmálaráðherranum, þar sem hann er gagnrýndur fyrir frammistöðu sína í réttarsalnum,“ sagði starfsmaður við réttarhöldin.



AMIN Yfirdómariinn Rizgar Mohammed Amin hefur sagt af sér af persónulegum ástæðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saddam er ákærður ásamt sjö öðrum fyrir að hafa fyrirskipað morð á yfir 140 sjíta-múslimum

í bænum Dujail árið 1982. Verði þeir fundnir sekir eiga þeir yfir höfði sér dauðadóms. -fb

Ódýr laserprentari



Brother HL-2030
Fallega hannaður laserprentari. Fer vel á borði eða hillu.

- Prentar 16 bls. á mínútu
- 8 Mb minni
- Upplausn 2400 x 600 dpi
- Windows og MacOS
- USB tengjanlegur
- 250 bls. pappírskúffa
- Einföld uppsetning

Brother
laserprentari eru
all með 3ja ára
ábyrgð

Tilboð: kr. **9.900,-**
Verð áður: 16.900

At your side.
brother

PENNINN

Snjóbíll

Mitsubishi Outlander 4X4 með 2 lítra, 136 hestafla vél

Verð 2.290.000 kr.

Afborgun á mánuði er 30.790 kr.*



Einnig fáanlegur sjálfskiptur með 2,4 lítra 160 hestafla vél á 2.650.000 kr.

Afborgun á mánuði er 35.990 kr.*

Mitsubishi Outlander sameinar þægindi fólksbíls og eiginleika jeppans. Hvort sem færðin er góð eða slæm þá kemstu það sem þú vilt á Outlander. Bíll fyrir þá sem gera kröfur um þægindi og notagildi.

Komdu og prófaðu hann!

MITSUBISHI OUTLANDER

DRIVE ALIVE



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 13.01.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	61,08	61,38
	Sterlingspund	107,91	108,43
	Evra	73,64	74,06
	Dönsk króna	9,872	9,93
	Norsk króna	9,12	9,174
	Sænsk króna	7,916	7,962
	Japanskt jen	0,5331	0,5363

SDR 88,49 89,01

Gengisvísitala krónunnar

103,3046

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gæsluvarðhald framlengt til 10. mars vegna sveðjuárásar:

Átján ára í haldi án ákæru

LÖGREGLA Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir átján ára pilti hefur verið framlengt til 10. mars. Hann er grunaður um árás á jafnaldrá sinn með sveðju í samkvæmi í Garðabæ í byrjun október.

Lögmaður piltins, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, segir rannsóknina taka of langan tíma sem sé unga manningu ekki boðlegt. Hann segir lögreglu nánast ekkert hafa unnið að rannsókninni því hún hafi beðið eftir niðurstöðum úr DNA-rannsókn í Noregi á sýnum á sveðjunni.

„Þetta er búið að taka allt of langan tíma og með eindæmum hvað DNA-rannsóknin hefur tekið



Á KVÍABRYGGJU Pilturinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald í byrjun október.

langan tíma. Það er mjög alvarlegur hlutur því hann er aðeins átján ára gamall, bara unglingur.“

Jóhannes segir óljóst fyrir hvaða verknað pilturinn verði ákærður og því liggja ekki fyrir hvort hann fái þungan dóm. „Ég

hef í tvígang kært gæsluvarðhaldsúrskurðina til Hæstaréttar. Rétturinn hefur hins vegar staðfest þá í bæði skiptin.“ Hann gerir fastlega ráð fyrir að kæra þriðja gæsluvarðhaldsúrskurðinn í dag. Staðfesti Hæstiréttur úrskurð Héraðsdóms Reykjaness frá því á föstudag verður pilturinn í gæsluvarðhaldi í rúma fimm mánuði.

Sá sem ráðist var á höfuðkúpbrotnaði og fékk slæma skurði á höfuð, handleggi og hendur. Fjöldi vitna var að atvikinu.

Lögreglan í Hafnarfirði fer með rannsókn málsins og neitar að gefa upplýsingar um það nema á virkum degi.

LÖGREGLUFRETTIR

Líkamsárásir í Keflavík

Fimm manns þurftu að leita sér læknaaðstoðar eftir slagsmál og líkamsárásir í Keflavík í fyrrinótt. Einn rotaðist og annar nefbrotnaði. Mestu átökin urðu um klukkan sex í gærmorgun fyrir utan einn skemmtistaðinn en þá þurfti sjö lögreglumenn til að skakka leikinn.

ÍRAK

Bláðamaður frelsaður úr gíslingu

Breskur blaðamaður var frelsaður úr gíslingu fyrir slýsni eftir áhlaup bandarískra hermanna á sveitabýli í útjaðri Bagdad. Bláðamanninum, sem vinnur fyrir dagblað í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, hafði verið rænt þann 26. desember en ekki hafði verið tilkynnt um hvarf hans. Bandarískur hermennirnir fundu manninn þar sem hann var kellaður og bundinn og voru mannræningjarnir handteknir.



KISTAN BORIN Fjölskylda og aðstandendur hinnar 12 ára Fatma sem lést úr fuglaflensu bera kistu hennar.

Fuglaflensa í Tyrklandi:

Fimm ára drengur sýktur

TYRKLAND, AP Muhammet Ozcan, fimm ára drengur í Tyrklandi hefur smitast af fuglaflensu. Þetta staðfestu tyrknesk yfirvöld í gær. Alls hafa því nítján manns smitast af þessari banvænu veiru í landinu, þar á meðal tólf ára systir drengins, Fatma, sem lést í gær.

Börnin voru frá bænum Dogubayzit skammt frá Van í austurhluta Tyrklands. Voru þau flutt á sjúkrahús fyrir sex dögum.

Herafli í Afganistan:

Danir fjölga hermönnum

DANMÖRK Dönskum hermönnum í Afganistan mun fjölga úr hundrað og sextíu í þrjúhundruð og sextíu á næstu misserum.

Samkvæmt frétt Politiken í gær mun stærsti hluti mannaflans vera við störf í suðurhluta landsins eftir fjölgunina, en þar er meiri hættu á átökum. Varnarmálaráðherra Dana fullyrði í nóvember þegar fjölgunin var fyrst kynnt að meirihluti heraflans yrði áfram við höfuðborgina Kabúl en ekki á þeim svæðum þar sem meiri órói ríkir.

Kárahnjúkaverkefni Slippstöðvarinnar á eftir áætlun

Gjaldþrot Slippstöðvarinnar á Akureyri hefur raskað tímaáætlun við umfangsmikið verk við Kárahnjúka-virkjun. Einn kröfuhafi í þrotabú Slippstöðvarinnar segir að Landsvirkjun muni neyðast til að fallast á aukagreiðslur vegna verksins.

KÁRAHJÚKAR Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar, segir vinnu við samsetningu á þrýstipípum í tveimur samsíða aðfallsgöngum virkjunarinnar töluvert á eftir áætlun. Starfsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri hófu verkið en aðalverktaki þess, DSD Noell, tók við verkinu eftir gjaldþrot Slippstöðvarinnar.

„Ég veit ekki nákvæmlega hversu mikið verkið er á eftir áætlun en DSD ætlar að vinna upp tafirnar á árinu með fjölgun starfsmanna og meiri vaktavinnu en áður var áformað. Sú ákvörðun DSD mun ekki þýða aukinn kostnað fyrir Landsvirkjun og tafirnar munu ekki hafa áhrif á framkvæmdirnar í heild,“ segir Sigurður.

Þýska fyrirtækið Pro Works H & E kom að sama verki sem undirverktaki hjá Slippstöðinni. Pro Works tapaði um 20 milljónum króna á gjaldþroti Slippstöðvarinnar en Thomas C. Kenny, einn framkvæmdastjóra Pro Works, fullyrðir að gjaldþrot Slippstöðvarinnar eigi eftir að kosta Landsvirkjun ófyrirséð

TRÖLLVAXIN STÁLÖR Starfsmenn Slippstöðvarinnar unnu að samsetningu á röraeingum í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar áður en félagið varð gjaldþrota. Hver eining vegur um 45 tonn.



TRÖLLVAXIN STÁLÖR Starfsmenn Slippstöðvarinnar unnu að samsetningu á röraeingum í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar áður en félagið varð gjaldþrota. Hver eining vegur um 45 tonn.

fjárútlát. „DSD mun á einhverjum tímupunkti kúga Landsvirkjun til að fallast á aukagreiðslur í tengslum við verkið. Á hvaða grunni þær kröfur verða byggðar get ég ekki sagt til um nákvæmlega en ég er ekki í nokkrum vafa um að þær munu líta dagsins ljós, fyrr eða síðar,“ segir Kenny.

Sigurður Arnalds segir að

sér vitanlega hafi DSD enn sem komið er ekki farið fram á neinar aukagreiðslur. „Þeir hafa engar forsendur til að leggja fram slíkar kröfur enda hafa engin ytri skilyrði breyst sem kalla á slíkar greiðslur. Þótt DSD lenti í hremmingum með sína undirverktaka þá er það þeirra mál og á ekki að koma niður á Landsvirkjun sem

verkaupa“ segir Sigurður.

Samsetning þrýstipípanna í aðfallsgöngum Kárahnjúkavirkjunar er gríðarlega umfangsmikið verk. Í upphafi var gert ráð fyrir að framkvæmdin tæki eitt og hálf ár en göngin verða þau lengstu sinnar tegundar í veröldinni; 420 metrar að lengd hvor göng.

kristjan@frettabladid.is

Tælenskar
matvörur í úrvali
Frábær verð

BANTHAI
Laugavegi 130

na na thai
The Restaurant & Bar

Skeifan 4
S. 588 1818

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SVELLKALI TIL DAG
Já, frostið er harðnandi í dag og á morgun en síðan kemur lægð sem ætlar sér að feykja þessu kalda lofti norður fyrir land. Svona kalt loft er mjög þungt svo það verður ekki auðvelt verk að hrekja það til norðurs enda má segja að það taki alveg tvo daga, miðvikudag og fimmtudag en svo kólnar á ný.

HÖFUÐBORGinni
Fremur hæg norðvestan átt með stöku eljum. Frost 2-5 stig.

Á morgun

Allhvaðst eða hvaðst við, síst suðvestanlands.

» miðvikudagur

Suðvestan strekkingur.

Kaupmannahöfn	1°C hálfskýjað	París	8°C heiðskirt	Alicante	15°C heiðskirt
Oslo	-2°C alskýjað	Berlín	1°C heiðskirt	Milano	6°C heiðskirt
Stokkhólmur	1°C hálfskýjað	Frankfurt	2°C heiðskirt	New York	3°C léttskýjað
Helsinki	-1°C alskýjað	Madrid	8°C skúrur	San Francisco	12°C léttskýjað
London	10°C heiðskirt	Barcelona	12°C heiðskirt	Orlando/Florida	22°C léttskýjað

* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skygð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

SKRÁÐU ÞIG Í VÖXT

Þú getur sparað tugi þúsunda á ári

Þeir sem eru í Vexti fá afslátt af bankþjónustu, tryggingum og bílalánnum og geta þar með sparað tugi þúsunda á ári. Auk þess ganga þeir að öllum upplýsingum um fjármál á einum stað. Kynntu þér Vöxt hjá KB banka og VÍS.

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR



KB BANKI

www.voxtur.is

Skráðu þig á
voxtur.is

VÖ XT UR

- þú færð meira



KJÖRKASSINN

Telurðu að forðomar gagnvart innflytjendum fari vaxandi hérlendis?

Já	67%
Nei	33%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefurðu farið á skíði í vetur?

Segðu skoðun þína á visir.is



Gestir í sumarbústað veittu lögreglunni á Sauðárkróki mikla mótspyrnu:

Gaskútaþjófur gómaðir

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Sauðárkróki handtók tvo pílta undir tvítugu í gærðag í orlofshúsi austan við Varmahlíð, en þeir höfðu stolið gaskút úr orlofshúsi þar í nágrenninu. Átta ungmenni voru í húsinu þegar lögreglumenn bar að garði til að grennslast fyrir um málið og mættu þeir harðri andspyrnu frá orlofsgestunum.

Tvímennigarnir höfðu farið með kúttinn á bensinstöðina í Varmahlíð og reynt að selja hann þar. Vökull afgreiðslukonu þótti málið grunsamlegt og hafði samband við umsjónarmann í orlofsbyggðinni sem síðar komast á snoðir um að stolið hafði verið



BENSINSTÖÐ Lögreglan hvetur afgreiðslufólk bensinstöðva til að vera á varðbergi því talsvert sé um það að menn reyni að koma stolnum gaskúttum í verð. Myndin er af bensinstöð á Ísafirði.

þaðan einum gaskút. Að því loknu fóru lögreglumennirnir tveir á

svæðið. Þjófarnir neituðu ásökunum fyrst um sinn en játuðu svo við yfirheyrslur og telst málið upplýst. Fullur gaskútur kostar um fimm þúsund krónur og undrar lögreglan sig á verki mannanna fyrir slíka smáupphæð.

Lögreglumenn á Sauðárkróki hafa að undanförunni lýst yfir óánægju sinni með niðurskurð við embættið sem gerir það að verkum að ekki má kalla út aukamannskap ef forföll verða. Það þýðir að einn lögreglumaður getur þurft að standa vaktina á álagstímum. Segja þeir að einn lögreglumaður hefði engu fengið ágengt við þær aðstæður sem upp komu í gær. -jse

Fyrsta helgaropnunin:

Fimm þúsund í Bláfjöllum

BLÁFJÖLL Yfir fimm þúsund voru á skíðasvæðinu í Bláfjöllum í gær. Grétar Hallur Þórisson, forstöðumaður skíðasvæðisins, segir álagið hafa verið mikið og biðina oft langa í lyfturnar. „Þegar aðsóknin er svona mikil eru allir þættir þjónustusvæðisins sprungnir,“ segir Grétar. „Samt er frábært að sjá hvað fólk er flest ánægt, enda velur það sér sjálft að koma í fjallið og fara í raðirnar.“

Nýja stólaþlyftan virkaði í vel í gær en hún stöðvaðist á laugardag þegar um fjögur þúsund manns voru í fjallinu. Grétar segir opið í fjallið alla daga meðan hægt er. -gag



HELGI MAGNÚSSON Helgi var framkvæmdastjóri Hörpu Sjafnar og situr í stjórnnum fjögurra fyrirtækja sem aðild eiga að

Samtök iðnaðarins:

Fyrstur til að bjóða sig fram

IÐNAÐUR Helgi Magnússon, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Hörpu, hefur gefið kost á sér sem formaður Samtaka iðnaðarins.

Helgi er fyrstur til að tilkynna um framboð og sá eini hingað til. Vilmundur Jósefsson, núverandi formaður, gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

„Ég hef fengið mjög ákveðna hvatningu frá mörgum framámönnum í íslenskum iðnaði og var náttúrulega þarna sjálfur í stjórn í sex ár frá 1995 til 2001 og kynntist þá starfi samtakanna mjög vel,“ segir Helgi. Tilkynnt verður um kjörið á Iðnþingi 17. mars. -óka

Vill færa opinbera þjónustu út á land

Steingrímur J. Sigfússon segir nauðsynlegt að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, telur hagkvæmnisjónarmið eiga að ráða staðarvali stofnana.

BYGGÐAMÁL Flutningur opinberra starfa frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina hefur að mati margra þingmanna landsbyggðarkjördæma verið alltof lítill en Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, vill sjá miklar breytingar í þá veru að starfsemi hins opinbera verði í auknum mæli á landsbyggðinni.

„Ég held að það sé ekkert sem mælir á móti því að opinber þjónusta verði færð skipulega út á landsbyggðina í meira mæli en gert hefur verið á undanförunum árum. Stjórnvöld verða að vera opnari fyrir því að dreifa starfsemi ríkisins út um allt land. Það er ekki endilega lausnin að færa stofnanir á milli landshluta heldur verður að skoða hvort einstök verkefni er ekki hægt að vinna annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu.“

Fæðingarorlofsjóður var fyrir skemmstu fluttur frá Reykjavík til Hvammstanga og Skagastrandar en við það skapast sex til sjö sérfræði- og skrifstofustörf. Sveitastjórnar-



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

menn á landsbyggðinni hafa fagnað þeirri ákvörðun stjórnvalda að færa stofnunina út á landsbyggðina.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, segir það skyldu hins opinbera að reka stofnanir með



SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON

þeim er best tryggt. Það getur hins vegar vel verið að ýmis verkefni á vegum hins opinbera sé

hægt að vinna annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. En grundarvallaratriði í ríkisrekstri á alltaf að vera að sýna ráðdeild og sparnað, alveg óháð því hvar stofnanir eru staðsettar.“

Örlygur Hnefill Jónsson, varaþingmaður Samfylkingarinnar í norðaustur kjördæmi, hefur lengi beitt sér fyrir því að opinber störf séu færð í meira mæli út á landsbyggðina. „Ég tel það jafnréttismál fyrir íbúa í landinu að opinber störf séu boði fyrir íbúa landsbyggðarinnar jafnt sem höfuðborgarbúa.“

magnush@frettabladid.is



ARNA SCHRAM Formaður Bláðamannafélags Íslands.

Vildu leggja DV niður:

Gegn frjálsri fjölmiðlun

FJÖLMIÐLAR Arna Schram, formaður Bláðamannafélags Íslands, segir það varhugaverða þróun þegar efnamenn láti sér detta í hug að þagga niður í fjölmiðlum í krafti fjármagns.

„Ef það er rétt að auðmenn hafi reynt að kaupa DV til að leggja það niður og þagga niður í umfjöllun um sjálfa sig er það ekkert annað en aðför að frjálsri fjölmiðlun.“

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors Björgólfssonar, greindi frá því í Fréttablaðinu á föstudaginn að Björgólfur Thor hefði í tvígang reynt að kaupa DV til að leggja það niður. -gag

Héraðsdómur:

Faldi kókaínið í sokknum

DÓMSMÁL Maður var dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir að hafa í ágúst árið 2004 haft tæp fimm grömm af kókaíni og 79 grömm af hassi á sér.

Hann hafði nær allt kókaínið í hægri buxnavasa sínum en afganginn í sokknum á vinstri fæti. Um 75 grömm af hassi faldi hann í fataskáp í svefnherbergi. Hann játaði skýlaust að vera eigandi efnanna. Maðurinn hefur áður verið dæmdur fyrir líkamsárás. -gag

Pakistanskir trúarhópar reiðir út í Bandaríkin:

Um tíu þúsund mótmæltu

PAKISTAN, AP Islamskir trúarhópar hrópuðu ókvæðisörð um Bandaríkjustjórn á sunnudag þegar um tíu þúsund manns söfnuðust saman í Karachi, höfuðborg Pakistans.

Efnt var til mótmælanna vegna meintrar loftárásar bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, sem að mati Pakistana varð saklausu fólki að bana í stað þess að hæfa háttsettan liðsmann al-Kaída hreyfingarinnar, Ayman al-Zawahri, sem Bandaríkjamenn hafa leitað að. Sautján manns dóu í árásinni, sem var gerð í þorpinu Damadola, þar á meðal konur og börn.

Á meðal þess sem hrópað var að Bandaríkjamönnum í mótmælunum var „megi Bandaríkin deyja“ og „hættið að varpa sprengjum á saklaust fólk“.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hefur varað landa sína við því að skjóta skjólshúsi yfir hryðjuverkamenn. „Ef við höldum áfram að fela erlenda hryðjuverkamenn hérna verður framtíð okkar ekki góð,“ sagði hann í pakistanska ríkissjónvarpinu. „Leggið orð mín vel á minnið.“ -fb

MÓTMÆLI Fjöldi Pakistana mótmælti meintri loftárás Bandaríkjamanna á landið.



www.icelandair.is/glasgow

Glasgow

Verð frá

20.900 kr.

Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum.

Þetta flug gefur 3.000 Vildarpunkta

ICELANDAIR www.icelandair.is

Ný kynslóð salatbara

Sjáðu þetta

40 spennandi tegundir

Meðal annars:

- Kjúklingur
- Hummus
- Kjúklingabollur
- Ferskar melónur
- Mozzarella salat
- Romain salat
- Kjötbollur í rabbabarasósu
- Kús kús tandarri
- Tortelini m/engifer
- Austurlenskar rækjur
- Spínat
- Alabama salat
- Léttfeti m/kryddi
- Ávaxtasalat í kókósskysósu
- Kryddfeti í olíu
- Sólþurkaðir tómatar
- Ætípistill

...og margt fleira



Með hverju keyptu salatboxi fylgir
0.5 ltr. Sítrónu kristall með í kaupbæti.*

*Tilboðið gildir til 31. janúar



Fiskréttur dagsins

Nýtt í Hagkaupum

Ýsa
í "spicy" tómatsósu með fersku salati.
Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15-20 mínútur við um 180°C

TILBOÐ
980 kr/kg
Verð áður 1.290,-

Rúnar Gíslason
Matreiðslumeistari og sjónvarpskokkur
kokkarnir.is

Kjöt & fisktorgið

Gildir 16. janúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval matvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

5 DAGA VEDURSPÁ FYRIR GRAN CANARIA

SUNNUDAGUR 18°C 17°C Heiðskírt	MÁNUDAGUR 18°C 17°C Heiðskírt	ÞRIÐJUDAGUR 18°C 17°C Heiðskírt	MÍÐVIKUDAGUR 19°C 18°C Heiðskírt	FIMMTUDAGUR 19°C 17°C Heiðskírt
--	---	---	--	---

Skelltu þér í sólina á frábæru verði!

Kanarí

Ferðir í eina og tvær vikur í janúar og febrúar á hreint ótrúlegu verði.

Verð frá: **39.900*** kr.
Verð óháð fjölda, þó lágmark 2 í fbúð.

Brottfarir Gistingar í boði
25. jan. og 1. feb. Montemar og Las Camelias. Fleiri gistingar í boði. Hafið samband við skrifstofu.

*Innifalið: Flug, gisting, íslensk fararstjórn og flugvallarskattar. Verð m.v. að bókað sé á netinu. Ef bókað er símlíðis eða á skrifstofu bætist við 2.000 kr. bókanar- og þjónustugjald á mann.

Beint leiguflug LOFTLEIÐIR ICELANDIC

VR orlofsávisun Munið ferðaávisunina

Fáðu ferðatiliðgun, nánari upplýsingar um gisti- staðina og reiknaðu út ferðakostnaðinn á netinu! Úrval-Útsýn, Lág múla 4, sími 585 4000

www.urvalutsyn.is

Hive telur hækku Símans brjóta í bága við lög:


Gagnrýna Símann

UPPLÝSINGATÆKNI Tæknifyrirtækið HIVE vill meina að fyrirhuguð einliða hækku Símans á samtengigjöldum brjóti í bága við fjarskiptalög. Símann hefur mótmælt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að hafna hækku.

„Samtengigjöld sem Símann hugðist hækka auka kostnað annarra fjarskiptafyrirtækja við að senda símaumferð sín á milli,“ segir HIVE og telur að Símann vilji gera öðrum erfiðara að hefja símaþjónustu. „HIVE telur mjög brýnt að Póst- og fjarskiptastofnun standi vörð um hagsmuni almennings og frjálsa samkeppni,“ segir Arnþór Halldórsson, hjá HIVE. - óká



ARNÞÓR HALLDÓRSSON Framkvæmdastjóri tæknifyrirtækisins HIVE.



ÁÆTLUN KYNNT John Howard, forsætisráðherra Ástralíu, kynnr áætlun AP6-rikkjahópsins í Sydney fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/AF

Sameinast gegn útblæstri

Lönd sem losa helming allra gróðurhúsalofttegunda í heiminum hafa sameinast um áætlun til að draga úr losuninni. Innantómt plagg segja umhverfissinnar.

ÁSTRALÍA Sex ríki, sem til samans skila helmingi allra gróðurhúsalofttegunda sem losað er í heiminum út í andrúmsloftið, hafa bundið það fastmælum sín í milli að fylgja áætlun sem ráðamenn ríkjanna segja að muni draga úr útblæstrinum um 30 prósent fram til ársins 2050. Talsmenn náttúruverndarsamtaka halda því aftur á móti fram að þetta samkomulag sé innantóm loforð sem einvörðungu komi stórfyrirtækjum til góða.

Stjórnvöld í Bandaríkjunum og Ástralíu hafa heitið samtals 127 milljónum bandaríkjadala, andvirði um átta milljarða króna, til stuðnings áætluninni „Asíu-Kyrrahafs-samstarf um hreina þróun og loftslag“ (Asia Pacific Partnership on Clean Development and Climate). Auk Bandaríkjanna og Ástralíu eiga aðild að henni tvö fjölmennustu ríki heims, Kína og Indland, auk Suður-Kóreu og Japans. Til styttingar kallast hópurinn AP6.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að hvetja til samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda með því að yta undir þróun endurnýjanlegra orkugjafa og umhverfisvænni leiðir til að nýta kol sem eldsneyti. Í henni er hins vegar ekki kveðið á um nein tiltekin markmið um minni losun þessara efna.

Því er spáð að Kína og Indland, þar sem efnahagsþróun er hröð um þessar mundir, muni margfalda orkunotkun á næstu árum og áratugum.

Orkumálaráðherra Bandaríkjanna, Samuel Bodman, segir að ríkjahópurinn hyggt grípa til aðgerða gegn hlýnun loftslags á jörðinni án þess að hamla hagþróun. Ástralski utanríkisráðherrann Alexander Downer fullyrðir að orkusparnaðaraðgerðir og fjárfestingar í umhverfisvænni tæknilausnum kunni að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í löndunum sex um 30 prósent fram til miðrar aldarinnar. Hefur ráðherrann niðurstöður rannsóknaskýrslu Landbúnaðar- og auðlindahagfræðistofnunar Ástralíu (ABARE) fyrir sér í þessu, en skýrslan var birt fyrir helgina.

Talsmenn náttúruverndarsamtaka andmæla þessum fullyrðingum. Greg Bourne, forseti Ástralíu-eildar Heimsnáttúrusjóðsins, WWF, segir nær að ætla að áætlun AP6-hópsins muni leiða til þess að losun gróðurhúsalofttegunda frá löndunum sex muni vaxa um 100 prósent á umræddu tímabili. Að hans mati ber áætlunin vott um algert ábyrgðarleysi þeirra sem að henni standa gagnvart hinum hnattræna vanda sem hlýnun loftslags af mannavöldum er.

audunn@frettabladid.is

NISSAN PATHFINDER



SKIPT_ um landslag



2006

HÖFUM ALLT ÁRIÐ SKEMMTILEGT!

Fullbúinn 7 manna jeppi með cruise control, spólvörn, skriðvörn, regnskynjara og miklu meira. Frábær aukahlutapakki fylgir í janúar!

Tegund	Tilbúinn á götuna:
Pathfinder XE beinskiptur	3.590.000,-
Pathfinder SE beinskiptur	3.950.000,-
Pathfinder SE sjálfskiptur	4.290.000,-
Pathfinder LE sjálfskiptur	4.790.000,-
Pathfinder LE IT	4.990.000,-

Nýrstillboð - 250.000,- kaupauki

32" dekk, stigbretti og dráttarbeiðslu að verðmæti 250.000 krónur.



Veiðikort 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Virk Samkeppni

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI



149 kr./stk.

DR. OETKER PIZZUR 4 TEG.

NOWY BOBATSZY SMAK



30% Afsláttur

Krónu kindabjúgu 419 kr./kg.



42% Afsláttur

Goða Kjötþúdingur 399 kr./kg.



395 kr./pk.



159 kr./stk.



199 kr./pk.



169 kr./pk.

167 kr./pk.

Homeblest súkkulaðikex 500g

149 kr./pk.

Fine taste smábraud



99 kr./pk.

Ronzoni heilheitt pasta



Meira úrval



32 RÚLLUR

399 kr./pk.

Shop rite kakó malt



127 kr./pk.

Brinks hriskökur



ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ



Milljónomæringur nr. 82

Þú gætir líko unnið

Á þessu ári mun að jafnaði annar hver miði fá vinning. Tryggðu þér miða í 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.

HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Kosning um sameiningu Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar:

Meiri ávinningur en talið var

SAMEINING Stefánía Traustadóttir, bæjarstjóri í Ólafsfirði, segir fjárhagslegan ávinning af hugsanlegri sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar strax í upphafi meiri en bæjaryfirvöld beggja byggðarlaga væntu. „KPMG endurskoðun á Akureyri hefur að undanfögnu unnið að úttekt á fjárhagslegum ávinningi sameiningar. Fyrstu drög að þeirri úttekt liggja fyrir og það kom okkur á óvart hversu miklum samlegðaráhrifum væri hægt að ná fram áður en Héðinsfjarðargöng verða tekin í árslok 2009,“ segir Stefánía. Íbúar byggðarlaganna kjósa um

sameininguna 28. janúar næstkomandi og í næstu viku verða haldnir kynningarfundir fyrir íbúa beggja bæjarfélaga. Stefánía vill að svo stöddu ekki upplýsa í hverju fjárhagslegur ávinningur sé fólgin, né hversu mikill hann er, en segir það verða gert á kynningarfundunum.

-kk

STEFÁNÍA TRAUSTADÓTTIR Bæjarstjórnin á Ólafsfirði segir samlegðaráhrif sameiningar Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar koma á óvart og segir að þau verði kynnt í næstu viku.



Róttækur múslimaklerkur fyrir breskum dómstól:


Ákærður fyrir hatursáróður

LONDON, AP Dómstoll í Lundúnum réttar nú í máli róttæka múslimaklerksins Abu Hamza al-Masri, en hann er ákærður fyrir að egna til mannhatus, flytja áróður fyrir því að myrða gyðinga og aðra sem ekki aðhyllast íslam, og fyrir að hafa undir höndum leiðarvísi um hryðjuverk.

Á fimmtudag sýndu saksóknarar myndband í réttarsalnum af einni af prédíkunum al-Masris, en til viðbótar hefur rétturinn undir höndum myndbands- og hljóðupptökur af átta sams konar ræðum.

„Ímyndaðu þér að þú sért bara með einn lítinn hníf,“ sagði klerkurinn á spólu, sem sögð er vera frá 1997 eða 1998. „Þú verður að stinga hann hingað og þangað þar til honum blæðir til dauða, þar til hann deyr.“

Leiðarvísirinn sem um ræðir er tileinkaður Osama bin Laden.



ÚR RÉTTARSAL Blýantsteikning af múslimaklerkinum Abu Hamza al-Masri í réttarsal.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í honum er mælt með árásum á stór og áberandi mannvirki svo sem Big Ben, Frelsisstyttna og Eiffelturinn.

Klerkurinn, sem er egypskur að uppruna, var æðsti klerkur

Finsbury-moskunnar frá því seint á tíunda áratugnum fram til ársins 2003, þegar bæjaryfirvöld boluðu honum burt. Hann getur átt von á lífstíðarfangelsi verði hann fundinn sekur.

-smk

EIGUM ALLTAF



Klettháls

VW Golf 2,0 4motion
beinsk. árg. 02 ek. 51.000
verð 1.470.000 kr.



Klettháls

VW Golf 1,6 Variant Highline
beinsk. árg. 03 ek. 51.000
verð 1.440.000 kr.



Klettháls

VW Passat 2,0 Variant
beinsk. árg. 03 ek. 63.000
verð 1.793.000 kr.



Klettháls

VW Touran 1,6 Basicline
beinsk. árg. 04 ek. 30.000
verð 2.090.000 kr.



Klettháls

VW Passat 2,0 Variant
beinsk. árg. 03 ek. 63.000
verð 1.730.000 kr.



Klettháls

VW Bora 1,6 Highline
beinsk. árg. 02 ek. 58.000
verð 1.390.000 kr.



Klettháls

VW Passat 2,0
beinsk. árg. 04 ek. 15.000
verð 2.470.000 kr.



Klettháls

VW Polo 1,4 Comfortline
beinsk. árg. 02 ek. 83.000
verð 920.000 kr.

Bílaþing Heklu er rétti staðurinn til að finna góðan notaðan Volkswagen

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.


Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegji 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is



Svona erum við

> Fjöldi landsmanna í trúfélögum



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL. GREINING: NÝJU RAFORKULÖGIN

Eiga að stuðla að samkeppni

Ný raforkulög tóku gildi um síðustu áramót fyrir heimilin í landinu en ári áður höfðu þau tekið gildi fyrir fyrirtæki. Mörg iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu hafa kvartað undan því að síðan þá hafi raforkukostnaður fyrir þau hækkað mikið en þó hafa þau lækkað fyrir önnur fyrirtæki sérstaklega á landsbyggðinni. Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og Guðmundi Þóroddssyni, forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, greinir á um hvort hækkarnir séu tilkomnar vegna laganna eða vegna breytinga á gjaldskrá sem orkufyrirtækin gerðu þegar lög in tóku gildi.

Hverju breyttu raforkulögin?
Áður gátu raforkukaupendur einungis keypt af því orkufyrirtæki sem átti



dreifikerfi þar sem kaupandinn var staðsettur. Eftir breytingarnar getur kaupandinn hins vegar keypt af hvaða orkufyrirtæki sem er hér á landi. Einnig var skilið á milli framleiðslu, flutnings og dreifingu við raforkusölu. Fyrirtæki Landsnet sem er í eigu Landsvirkjunar, RARIK og Orkuubús Vestfjarða var stofnað til að annast flutning.

Hvert er markmið laganna?
Markmið laganna var að koma á forsendum fyrir samkeppni í vinnslu og sölu á raforku, að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu og öruggu raforkukerfi og að stuðla að endurnýtingu orkulinda. Tilskipun frá Evrópusambandinu knúði einnig á um að komið yrði á frelsi á raforkumarkaði.

SPURT OG SVARAÐ

LOÐNUVEIÐAR

Er hættu á hrúni?

Verið er að mæla stærð loðnugöngu norður og norðaustur af Langanesi. Útvegsmenn bíða í ofvæni niðurstaðna loðnuleitar Hafrannsóknastofnunar.



ÞORSTEINN SIGURÐSSON SVIÐSSTJÓRI

Hafa menn áhyggjur af því að stofninn hafi hrúnið? Já, menn hafa áhyggjur af því að árgangurinn frá 2003 gæti verið mjög lítil.

Staðan er hins vegar sú að í ljósi breytinga á umhverfi getum við ekkert sagt með vissu um hvort að svo sé.

Hversu algengt er að loðnuganga misfarist? Í fiskistofni eins og loðnu þar sem veiðar byggja alfarið á einum árgangi ræðst þetta af nýliðun í stofninum. Frá því við höfum veiðar árið 1978 hefur það gerst tvisvar að árgangur hafi verið verulega lélegur, fyrst um 1980 og svo aftur 1990.

Hvað verður til að slíkt gerist? Maður sér þetta í öllum tegundum, hvort sem það er ýsa, þorskur, eða eitthvað annað. Nýliðun er misjöfn, en í þeim gögnum sem við erum að safna finnum við ekki orsakavaldinn sem getur verið misjafn. Vorblómi í hafinu hefur áhrif á þetta. Þegar hrognin klekjast út skiptir máli að þau fái nóg æti.

Gríðarlegt tap ef loðnan bregst

Hugsanlegt er að umhverfisáhrif hlýnunar sjávar á norðurslóðum hafi breytt loðnugöngum og óvissa er um veiðar á Íslandsmiðum. Uppi eru kenningar um að loðnan sé að færa sig í kaldari sjó. Þá telja sérfræðingar mögulegt að hrygning árið 2004 hafi misfarist. Dæmi eru um að einstakir árgangar hafi brugðist á árum áður.

Útflutningsverðmæti loðnu fyrstu ellefu mánuði nýliðins árs nam, samkvæmt upplýsingum frá Landsambandi íslenskra útvegsmanna, tæplega 9,3 milljörðum króna, eða um 9,1 prósentu af heildarútflutningi. Þetta er nokkru undir meðaltali síðustu tíu ára sem er tæplega 13,4 milljarðar króna á ári. Afliinn hefur sveiflast nokkuð milli ára, en síðustu þrjú ár hefur hann verið undir meðaltalinu.

Það segir sig sjálfst að tekjur þessar skipta sjávarútveginn og þjóðarþví allt miklu máli, en undanfarið hefur verið nokkur titringur meðal útvegsmanna vegna óvissu um afkomu og göngur loðnunnar. Haustið 2004 tókst Hafrannsóknastofnun ekki að mæla ókynproska stofnsins og vegna íss í Grænlandssundi

reyndist ekki unnt að mæla að nýju. Af þeim sökum var ekki hægt að spá fyrir um stærð veiðistofnsins fyrir vertíðina 2005 til 2006. Hafrannsóknastofnun lagði því til að loðnuveiðar yrðu ekki heimilaðar fyrr en tekist hefði að mæla stofninn og sú niðurstaða gæfi til kynna að óhætt væri að leyfa umtalsverðar veiðar, um leið og skilin yrðu eftir um 400 þúsund tonn til hrygningar í lok vertíðar.

Rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar hefur núna um helgina haldið sig á loðnuslóð norður og norðaustur af Langanesi og skýrist væntanlega í dag eða á morgun hvort loðnan er þarna í veiðanlegu magni. Menn hafa þó verið hóflega bjartsýnir á að svo muni verða. Í jantíbyrjun í fyrra kom loðnan upp á svipuðum slóðum og veiðar gengu vel framan af. Spurnir af svæðinu þar sem nokkur frystiskip hafa nú verið við veiðar í nokkra daga benda hins vegar til að heldur minna sé af loðnunni en í fyrra. Útvegsmenn eru hins vegar ólmir í að komast sem fyrst af stað í veiðarnar, minnugir þess að vetrarvertíðinni 2005 lauk óvenjunemma, eða um miðjan mars.

Hagfræðingar sem rætt hefur verið við telja erfitt að spá nákvæmlega fyrir um áhrif loðnubrests nú, þó svo að vitanlega yrðu þau nokkur vegna tekjumissis sjómanna og fiskverkfólks. Væntanlega kæmu þau áhrif sterkast fram á Austfjörðum, hins vegar er bent á að fyrirtæki sem stunda veiðar á uppsjávarfiski standi einna best sjávarútvegsfyrirtækja og ekki talið útilokað að kolmunnaveiðar nái að draga úr áhrifum af loðnubresti.



LOÐNUN UR ARNA FRÍÐRIKSSYNI RANNSÓKNASKIPI HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR. Árni Friðriksson RE 200, rannsóknaskip Hafrannsóknastofnunar, hefur síðan um helgina verið á loðnumiðum norður og norðaustur af Langanesi, en þar hafa nokkur frystiskip orðið vör við loðnu. Hingað til hafa menn þó verið hóflega bjartsýnir á að þarna sé loðna í veiðanlegu magni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjöldi óvissuþátta varðandi loðnuveiðar hlýtur að plaga þá sem að miklu leyti byggja afkomu sína á þeim. Frá árinu 1978 hefur tvisvar komið fyrir að veiðar brugðust, í kring um 1980 og aftur 1990, og í raun ekki vitað hvað olli því að árgangurinn sem þá átti að bera uppi veiðarnar brást. Þá eru uppi kenningar hjá Hafrannsóknastofnun um að loðnan kunni að vera að færa sig til vegna hlýnunar sjávar, en allt eru þetta getgátur. Í skýrslu stofnunarinnar um ástand nýttjastofna árið 2004 var talið líklegt að þá hefði stór hluti loðnunnar hrygnt á „óhefðbundnum slóðum“ og telur stofnunin ekki ólíklegt, miðað við hversu lítið fannst af

ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI LOÐNUAFURÐA

Ár	Afli þúsundir tonn	Milljónir króna á verðlagi hvers árs	Hlutfall af heildar útflutningi
1996	1.179,0	15.676,7	16,45%
1997	1.349,2	16.006,5	16,59%
1998	748,5	16.092,6	15,8%
1999	699,7	9.646,4	9,7%
2000	884,9	10.765,9	11,2%
2001	918,4	15.403,5	12,5%
2002	1.078,8	20.467,4	15,8%
2003	675,6	11.794,5	10,4%
2004	525,0	9.366,0	7,7%
2005*	603,0	9.295,5	9,1%

* fyrstu 11 mánuði ársins.
Heimild: Landsamband íslenskra útvegsmanna



Hástökkvarinn

Úrvalssjóður VSP náði 72% ávöxtun síðustu 12 mánuði*

Slástu í hópinn og tryggðu þér úrvals ávöxtun á sparifé og frábæra ráðgjöf hjá VSP.


Nánari upplýsingar á afgreiðslustöðum Sparisjóðsins um allt land, á www.vsp.is eða í síma 575-4400.



*Miðað við 10. janúar 2006. Ath. ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.



LOÐNA Loðnan er kaldsjávarfiskur sem lifir í Norður-Atlantshafi og í Barentshafi, við Island, Grænland og Kanada. Langmikilvægasta fæða loðnu eru krabbafær, einkum rauðata og póllata en einnig aðrar smærri krabbafær.



LOÐNULEIT 3. TIL 6. JANÚAR Svörtu línurnar sýna umfang loðnuleitarinnar í janúarbyrjun, út af Vestfjörðum og norður fyrir land til Austfjarðamiða. MYND/HAFRANNSÓKNASTOFNUN



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is



Lagerútsala að Kletthálsi 13

Lýkur þann 24. janúar

Inngangur



25-70% afsláttur

af útlitgölluðum og eldri gerðum
af heilsudýnum, völdum húsgögnum
ásamt ýmsum fylgihlutum.

Gildir meðan
birgðir endast

- ★ GÆÐI
- ★ GÓÐ VERÐ
- ★ ÞJÓNUSTA
- ★ ÚRVAL
- ★ ÞEKKING



www.svefn.is

E N N L A E G R A V E R Ð

GOTT FOLK McCANN



Vogue
tilboð
arinnar **15% afsláttur**

Gæða sängur og heilsukoddar
Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum
Hándaði, slöppar, baðmottur og baðara frá Christy og Aquanova
Veisludúkar, hordúkar og löberar frá SodaHl, Yris og Kimono
Sängurfatnaður frá SodaHl og Rocha

Opnunartímar yfir hátíðirnar:	
22-23 des.	10-20
Afmengidagur 24. desember	10-12 Lokað
Áttundur í júlím	Lokað
27. des	11-18
Comhúsdagur 28. desember	10-12 Lokað
2. jan	13-18

Milljónamæringur nr. 114

Annars væri tengdó stonsloust í heimsókn



Auðvitað er alltaf gaman að hitta tengdó, en það er samt algjör óþarfi að fagna vinningnum með henni á hverjum degi. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.



**HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

skoðun

SJÓNARMÍÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Eigendur fjölmiðla verða að kannast við ábyrgð sína.

Ritstjórnir fái erindisbréf

Eigendur fjölmiðla ættu jafnan að setja yfirmönnum á ritstjórnnum erindisbréf þar sem skýrt væri kveðið á um hvers konar miðil þeir ættu að reka og hvaða meginstefnu hann ætti að fylgja. Þeir ættu hins vegar ekki að hafa afskipti af ritstjórnnum miðlanna og vinnubrögðum þeirra meðan þær halda sig innan þeirra marka sem erindisbréfin mæla fyrir um. Þannig verður sjálfstæði ritstjórna, sem allir eru sammála um að sé mikilvægt og eftirsóknarvert, best tryggt.

Það er til fyrirmyndar, sem upplýst var í vikunni, að stjórn Dagsbrúnar, móðurfélags 365 miðla, hafi sett þá reglu að stjórnarmönnum fyrirtækisins sé óheimilt að hafa afskipti af einstökum málum sem ritstjórnirnar fást við. Ekki er kunnugt um að önnur fjölmiðlafyrirtæki hafi sett slíkar reglur. Hitt er einkennilegt sjónarmið hjá framkvæmdastjóra félagsins, Gunnari Smára Egilssyni, að yfirmenn á ritstjórnnum eigi sjálfir að ákveða hvers konar fjölmiðil þeir reka. Eigendur og rekstrarstjórnir fjölmiðla eiga ekki að geta firrt sig ábyrgð með slíku tali enda blasir við að það getur ekki verið heil brú í slíkum vinnubrögðum. Því aðeins er vit í reglunni um að eigendur og stjórnarmenn fjölmiðlafyrirtækja virði sjálfstæði ritstjórna sinna að þeir hafi markað meginstefnuna og þannig sé hægt að sækja þá til ábyrgðar ekkert síður en ritstjórnirnar ef út af bregður.

Það er truflandi fyrir skynsamlegar umræður um fjölmiðla að tala um þá sem „hálf opinberar stofnanir“ og að ritstjórnirnar sækji umboð sitt til almennings eins og framkvæmdastjóri Dagsbrúnar gerði um helgina. Fjölmiðlafólk ætti ekki að setja sig á háan hest með slíku tali. Eitt er að starfa í þágu almennings, annað að sækja umboð sitt þangað. Hið síðarnefnda gildir um kjörna fulltrúa okkar, forsetann, alþingismenn og sveitarstjórnarmenn, en ekki um starfsfólk fjölmiðla frekar en annarra fyrirtækja í einkaeigu.

Það var ekki á almennu vitorði starfsmanna 365 miðla að stjórnarmenn fyrirtækisins mættu ekki hafa afskipti af ritstjórnunum. Umræddar reglur hafa ekki verið birtar starfsfólki. Mikilvægt er að það verði nú gert. Þá kemur væntanlega í ljós hvort reglan taki einnig til framkvæmdastjóra fyrirtækisins og markaðs- og auglýsingastjóra eins og eðlilegt hlýtur að teljast.

DV-málið hefur skapað miklar umræður um fjölmiðlun. Ýmsir hafa hneykslast á því að Björgólfsson, sem töldu sig verða fyrir áreitni og einelti af hálfu blaðsins, skuli hafi látið sér detta í hug að kaupa það og leggja það niður. Það voru þó ekki nema mannleg viðbrögð í óviðunandi stöðu. Hitt kemur meira á óvart að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra skuli gera sér ferð á fjölmiðla til að fordæma þetta. Sjálfur hafði ráðherrann forystu um einstæða atlögu að frelsi fjölmiðla fyrir tæpum tveimur árum en almenningur og forseti Íslands tóku þá í taumana.

Nýir ritstjórnir, báðir að góðu kunnir, hafa nú tekið við DV. Hafi þeir ekki fengið erindisbréf frá eigendum blaðsins, eins og æskilegt er, verður að treysta því að dómgreind þeirra og reynsla geti af sér marktækan fjölmiðil. Í ljósi forsögunnar er það erfitt verkefni sem þeir hafa tekið að sér og ástæða til að óska þeim og samstarfsmönnum þeirra velfarnaðar á þeirri leið sem framundan er.



Hrogn, rauðmagi, glæný
línuýsa og margt fleira

-Þú getur alltaf treyst á prinsinn-

Hlíðasmári 8 • S:5547200 • www.hafid.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gestir tveir

Á laugardaginn var í þessum dálki vitnað í skrif Gestis Guðjónssonar umhverfisverkfæðings um náttúruvernd. Gestur er frambjóðandi í prófkjöri framsóknarmanna í Reykjavík. Skoðanir hans, sem fram komu á vefsíðunni *gestur.is*, þóttu athyglisverðar í ljósi þess að Framsóknarflokkurinn hefur fengið á sig þann stimpil (sem kannski er ósanngjarn) að ganga gegn náttúruvernd í þágu stór-
iðju. En svo óheppilega vildi til að Gestur var sagður Gestsson og til að kóróna vitleysuna var birt ljósmynd af nafna hans, Gestu Kr. Gestssyni sölufulltrúa hjá Samskipum, sem líka er frambjóðandi í prófkjöri og heldur úti vefsíð-



unni *gesturinn.is*. Er þessi velvirðingur á þessum mistökum sem vonandi hafa engin áhrif á úrslit prófkjörsins. Rétt mynd af Gestu Guðjónssyni birtist hér.

Á herra plan

Og úr því að minnst er á framsóknarmenn er freistandi að vekja athygli á grein sem Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra birtir í *Morgunblaðinu* á laugardaginn. Hann er þar að deila á Samfylkinguna fyrir stefnu hennar en getur ekki setið á sér og sendir flokkssystur sinni og samráðherra, Valgerði Sverrisdóttir, eittraðar örvar. Hann skrifar: „...því miður hendir það ráðherra samkeppnismála að fara með rangt mál þegar hún fullgriðir í nýlegri ræðu að jafnvel standi til að afnema framleiðslutengdan stuðning [við bændur]. Er brynt að lyfta umræðunni á herra plan og fræða frekar en að hræða íslenska

neytendur.“

Óttast Valgerði

Þessi kveðja Guðna fór ekki fram hjá Össuri Skarphéðingssyni. „Það vita allir að það hefur lengi verið grunnt á því góða milli Valgerðar Sverrisdóttur og Guðna Ágústssonar“, skrifar hann á vefsíðu sína. „Guðni óttast, að færi svo að formannskosning yrði innan Framsóknarflokksins á næstu misserum - sem vel gæti orðið - þá yrði Valgerður honum skeinuhættust í keppninni.“ Össur bætir við: „Er nema von að Framsókn eigi í mesta basli með trúverðuleika gagnvart kjósendum þegar einn ráðherra ræðst með þessum hætti opinberlega í miðopnu Morgunblaðsins á ráðherra í eigin flokki - og opinberar um leið grundvallargreining innan flokksins?“
gm@frettabladid.is

Sannleikurinn rúmast ekki í fyrirsögn

Í samfélögum gerist það stundum að upp koma hreyfingar ungra manna sem telja sig kjörna til einhvers sögulegs hlutverks og því geti þeir ekki farið að reglum samfélagsins heldur semji þeir nýjar. Þetta eru oft karlmenn og þeir vilja ýta burt valdhöfum og setjast sjálfir í valdastóla. Stundum birtast svona hreyfingar sem jákvætt afl sem finnur sér farveg innan mannfélagsins, ögrar því til góðs, bætir það í togstreitu en líka samspili við það sem fyrir er - við munum ungmennafélögin, atóm-skáldin og verkalýðshreyfinguna úr okkar sögu - en slíkar hreyfingar geta líka birst sem eyðingarafl sem aðlagast aldrei samfélaginu heldur leitast við að sundra því en finnur sér réttlætingu með því að hrifsa til sín frumkvæði í umbóta- og framfaramálum og starfa að þeim utan við reglurnar í krafti meintra yfirburða sinna sem hið sögulega hlutverk skenki þeim: kommúnisminn og fasisminn voru strákaklukur; líka anarkistar og islamistar.

Stundum hefur mér fundist starfsmenn DV skynja sig á einhvern undarlegan hátt sem nokkurs konar úrvalssveit: Of gott blað fyrir Ísland, skrifar einn af leiðtogunum, Eiríkur Jónsson, í helgarútgáfu DV eins og vonsvikinn trúboði. Þó að of langt sé gengið að líkja DV-mönnum við fasista og kommúnista þá gætir sömu tilhneigingar til að telja sig hafinn yfir almennar hugmyndir um velsæmi og umgengni við náungann og einkenndi til dæmis fasista; afdráttarlaust tilkallið til Sannleikans og trúin á óskeikuleika eigin „síðareglu“ minnir á sjálfsmynd kommúnista og þessi löngun til hleypa öllu í bál og brand er óþægilega kunnugleg - með þeirri aðferð að ýfa upp reiði múgins og beina henni að einhverjum sem verðskuldi fyrir-irritningu. Og líkt og hjá komm-

Í DAG DV

GUÐMUNDUR
ANDRI THORSSON

Það sem varð blaðinu í þessari mynd um síðir að falli var að það sendi frá sér þau skilaboð að það liti á þjóðina sem óvin.



únistum sjáum við vandaða menn á valdi vandra hugmynda, svo gagnstekna að þeir hafa afnumið sjálft kærleiksboðorðið - gullnu regluna um að allt sem þér vilji að aðrir menn gjöri yður skulið þér og þeim gjöra.

Þannig var það athyglisvert að þegar Jónas Kristjánsson ritstjóri, sem um árabil hefur maklega notið virðingur í samfélaginu, var spurður um það í Kastljós-þætti hvort hann hefði nokkurn tímann sett sig í spor þeirra sem orðið hafa að skotsþæni blaðsins þá svaraði hann að enginn Íslendingur hefði sett sig jafn vel inn í síðareglu og hann. Aðspurður á líðan manneskjunnar vísaði hann á hið vel samda regluverk.

Hver var hugsjónin? Tja - fyrst skildist manni að hugsjónin snerist um að ráða bót á þeim átakanlega skorti sem hér væri á skítblaði eins og tíðkaðist í öllum menningarsamfélögum. Það var eins og fólk væri búð að gleyma því hvernig slík blöð eru búin til: með því að ginna auðtrúa sálir, velta sér upp úr eynd annarra, skálda upp einhverja vitleysu um nafngreint fólk til að skemmta öðrum: með því að hía á fólk. En hér á landi er tengslanetið sterkara og dreifðara en tíðkast í stærri samfélögum. Þegar híað

er á Sigga frænda vinar míns á forsíðu DV eða tekið platviðtal við Ingu sem var með mér í landsprófi þá gleymi ég því ekkert. Fólk er vissulega meinfýsið og illgjarnt - en bara í garð „hinna“ ekki „okkar“.

Hver var eiginlega hugsjónin? Stundum virtist hún snúast um að láta barnanóðingna fá þá refsingu sem dómskerfið virðist stundum ófært um að veita þeim - taka upp hanskann fyrir svívirta æsku. Þögn hafði ríkt um þetta skelfilega mein, þegar karlmenn í átorítetsstöðu gagnvart börnum misnota hana, ráðast inn í líf og móta það um ókomin ár. En var hávaðinn í DV betri en þögnin áður? Þetta er mein sem þarf að tala um, en þegar gargað er um það, hættum við ekki að heyra það?

Stundum skildist manni að hugsjónin væri að þjóna sannleikanum: en sannleikurinn rúmast aldrei í einni fyrirsögn.

Það sem varð blaðinu í þessari mynd um síðir að falli var að það sendi frá sér þau skilaboð að það liti á þjóðina sem óvin; ef ekki væri gert lítið úr viðkomandi væri um að ræða „kranablaðamennsku“. Úr varð klóakblaðamennska. Sú vinnuregla á blaðinu að sá sem fjallað væri um hverju sinni nyti einiskis réttar og hefði ævinlega stöðu grunaðs sakamanns og hefði því ekkert um það að segja í hvers konar samhengi orð hans eða hennar yrðu sett en brygði í brún þegar niðurstaðan kæmi - þessi lítillsvirðing spurðist út í litlu samfélagi og vakti reiði. Þegar maður fer út á meðal fólks vill maður ekki að óvildarmaður manns velji fötin handa manni, greiði manni og búi manni á meðan maður sjálfur er með bundið fyrir augu sem svo er tekið frá augunum þegar komið er á mannamótið. Og allir fara að hlæja. Þannig virkaði DV.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

2.790.000,-*



SKIPT_um stíl



NISSAN X-TRAIL

*Ríkulegur staðalbúnaður

- 17" álfelgur
- loftkæling
- litað gler
- sjálfskipting
- 6 diska CD spilari
- útvarpsfjarstýring í stýri
- 3 drifstillingar
- sóllúga
- rafstýrð leðursæti

Tilboðsverð

X-Trail **Elegance** sjálfskiptur 2.790.000,-

Meðal ótal verðlauna og viðurkenninga:

- „Bestur“ – *Fifth Gear*
- „Best recreational 4x4“ – *Auto Express*
- „Best compact 4x4“ – *What Car?*
- „Best in class“ – *Channel 4*
- „Best Small Wagon“ – *Overlander Magazine*

Aukahlutapakki
að verðmæti 120.000,-

Öllum Nissan X- TRAIL sem keyptir eru í janúar fylgja vetrardekk og dráttarbeisli.



CAROLE LOMBARD (1908-1942) LÉST PENNAN DAG Í FLUGSLYSI.

„Ég lifi eftir reglum karlmanna sem miðaðar eru við heim þeirra. Ég gleymi því þó aldrei að helsta starf konu er að velja rétta varalitinn.“

Carole Lombard var bandarísk leikkona, þekktust fyrir gamanleik.



tímamót

tímamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 16. JANÚAR 1979

Shahinn af Íran flýr í útlegð

Á þessum degi árið 1979 flúði shahinn af Íran, Mohammad Reza Pahlevi, ásamt eiginkonu sinni frá Tehran til Aswan í Egyptalandi. Flugið var með þrjú yngstu börn hjónanna til Bandaríkjanna einum degi fyrr. Ástæður flóttans voru aukin ofbeldisfull mótæli gegn stjórn Pahlevis á undangengnum mánuðum. Múslimar í landinu höfðu sameinast bakvið trúarleiðtogann Ayatollah Ruholla Khomeini sem var í útlegð í Frakklandi.

Opinberlega var sagt að shahinn væri á leið í frí en raunin var sú að forsætisráðherrann, sem hann sjálfur hafði sett í embætti fyrr í mánuðinum, bað hann um að yfirgefa landið. Mikil gleði braust út í Íran þegar fréttist af brotthvarfi shahsins. Pahlevi sneri aldrei aftur til Íran heldur lést í útlegð í Egyptalandi aðeins ári síðar 1980.

Khomeini sneri aftur til Íran þann 1. febrúar eftir fjórtán ára útlegð. Hann lýsti yfir islömsku lýðræði þann 1. apríl og sat við völd til ársins 1989.



PAHLEVI

MERKISATBURÐIR

- 1547 Ivan grimmi er krýndur keisari Rússlands.
- 1942 Póska skipið Vigry ferst út af Mýrum og með því 25 menn.
- 1947 Talsímasamband við Bandaríkin er opnað.
- 1960 Selma Jónsdóttir listfræðingur ver doktorsritgerð við Háskóla Íslands, fyrst kvenna.
- 1991 Flóabardagi hefst þegar bandarísk yfirvöld tilkynna að her verði sendur til að koma íröskum hermönnum úr Kúveit.
- 1995 Snjóflóð fellur í Súðavík. Fjórðán manns farast, þar af átta börn.



DÝRIN TALIN Dýragarðsvörður í dýragarðinum í Lundúnum skráir hjá sér upplýsingar um nashyrningsfugl í árlegri talningu allra dýra í garðinum. Skrá og telja verður allt frá einfaldasta hryggleysingja til hinna þekktustu spendýra. Yfir sex hundruð dýrategundir eru í garðinum og eru margar þeirra í útrým-ingarhættu. AP/REUTERS

FÆDDUST PENNAN DAG



1697 Richard Savage skáld.

1909 Ethel Mer-man söngkona.



JARÐARFARIR

15.00 Þorbjörg Bjamadóttir frá Vigur, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

AFMÆLI



Árni Björnsson þjóðháttfræðingur er 74 ára.

Gunnar Kvaran sellóleikari er 62 ára.



Björn Bjarnald Jónsson, formaður UMFÍ, er 54 ára.

Guðjón Rúðolf Guðmundsson tónlistarmaður er 47 ára.



Arndís Hrönn Egilsdóttir leikkona er 37 ára.



FÉKK MARGT GÓÐRA GJAFNA Dagný hélt upp á afmæli sitt fyrir viku. Hún heldur einna mest upp á málverk sem Margrét Einarsdóttir, eiginkona heilbrigðisráðherra, málaði og gaf henni.

DAGNÝ JÓNSDÓTTIR ÞINGKONA: ER ÞRÍTUG Í DAG

Fékk málverk frá eiginkonu heilbrigðisráðherra

„Ég hef nú ekki haft það fyrir síð að halda upp á afmælið mitt og er lítil afmælistanneskja en ákvað að breyta til núna og hélt upp á það um síðustu helgi. Ég ákvað að drífa í því áður en ég skipti um skoðun og bauð heim nánustu vinum og fjölskyldu,“ segir Dagný Jónsdóttir alþingismaður sem fyllir þrjú tugi í dag. Dagný ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og hélt samhliða afmælisboðinu samflutnings- og innflutningsveislu enda eru hún og unusti hennar, Atli Karl Ingimarsson, nýlega flutt saman í nýtt húsnæði.

Dagný fékk margt góðra gjafa. „Ég fékk rosalega fallega skartgripa frá fjölskyldu minni. Ég hef aldrei verið með skartgripa en er að reyna að þroskast,“ segir Dagný kímín en einnig þótti henni sérstaklega vænt um mynd sem Margrét Einarsdóttir, eiginkona Jóns

Kristjánssonar heilbrigðisráðherra, málaði og gaf henni. Dagnýju finnst það þó nokkur tímamót að verða þrítug. „Maður er ekki lengur tuttugu og eitthvað og það er dálítið skref,“ segir hún og hlær. „Nú finnst manni maður verða að vera ábyrgur og fullorðinn en fólk segir að þetta verði bara betra með aldrinum og ég trúir því og treysti,“ segir þingkonan glaðlega en hún hefur í mörgu að snúast með Framsóknarflokknum þessa dagana en þingflokkurinn hefur alla síðustu viku staðið í vinnustaðaheimsóknum líkt og hann gerir árlega í jólafrú þingmanna. „Við höfum alltaf haft það þannig að þingmenn heimsækja vinnustaði í sínu kjördæmi en nú ákváðum við að allur hópurinn færi saman á höfuðborgarsvæðið,“ segir Dagný sem finnst hún hafa lært gríðarlega mikið á þessum tíma.

Dagný hefur setið á þingi frá árinu 2003. Hún segir það bæði kost og galla að vera þetta ungur. „Að mínu mati þurfum við að hafa allan aldurshópin á þingi en stundum finnur maður auðvitað fyrir því þegar verið er að rifja upp einhverjar breytingar sem urðu á áttunda og níunda áratugnum sem maður fylgdist ekki beint með,“ upplýsir Dagný en telur það þó alls ekki vera sér til trafala.

Dagný segist ekki vera dugleg að sinna áhugamálum. „Ég ætla reyndar aftur að byrja að stunda skíði. Ég fékk æðisleg skíði í jólagjöf og nú eru þeir farnir að framleiða snjó í kjördæminu mínu á Akureyri og búnir að breyta skíðabrekkunum heima í Oddskarðinu,“ segir Dagný bjartsýn á góðan skíðavetur.

Íslenskur prófessor meðal þeirra fremstu í Evrópu


Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor við Háskóla Íslands og ritstjóri Vísindavefsins, var einn af 23 aðilum sem tilnefndir voru til Descartes verðlauna Evrópusambandsins fyrir vísindamiðlun árið 2004. Alls hafði verið bent á 63 aðila til verðlaunanna og var Þorsteinn tilnefndur úr þeim hópi.

Þorsteinn hefur unnið einstakt starf á Vísindavef Háskóla Íslands sem er meðal tíu til fimmtán fjölsóttustu vefsetra landsins.

Afhending Descartes verðlaunanna fór að þessu sinni fram við hátíðlega athöfn í húsakynnum Konunglega breska vísindafélagsins í London. Fimm evrópsk samstarfsverkefni fengu verðlaun og fimm aðilar fyrir vísindamiðlun.

Vísindavef Háskóla Íslands var hleypt af stokkunum þann 29. janúar árið 2000 og heldur því upp á fimm ára afmæli í þessum mánuði. Vísindavefurinn fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Gestir geta lesið á vefnum svör við spurningum um flest milli himins og jarðar og einnig lagt fram nýjar spurningar um hvaðeina sem ætla má að starfsmenn háskólans og stuðningsmenn vefsins geti svarað eða fundið svör við.

ÞORSTEINN VILHJÁLMSOON Hefur unnið einstakt starf sem ritstjóri Vísindavefs Háskóla Íslands.



Fróðleikur af gardur.is



Lögspekingur, ráðherra og fræðimaður:

Einar Arnórsson

Einar Arnórsson var fæddur á Minna-Mosfelli í Grímsnesi 24. febr. 1880, sonur Arnórs bónda Jónss. og k.h. Guðrúnar Þorgilsd. Stúd. í Rvík 1901. Lögfr. frá Hafnarhásk. 1906. Yfirréttarmflm. 1907. Vann með Jóni Þork. að ritinu Ríkisréttindi Íslands. Kenn. við Lagask. 1908–11, próf. við lagad. Hí 1911–15 og 1917–32, rektor 1918–19 og 1929–30. Ráðherra Ísl. 1915–17, dóms- og menntamálaráðhr.

1942–44. Hæstar.dómari 11 ár. Alþm. Ám. 1914–19, Rv. 1931–32. Sat í sambandslagan. 1918–34. Skattstj. Rv. 1922–28. Vann að ranns. og afhendingu skjala úr ríkisskjalasafni Dana. Bæjarfr. í Rv. 1930–32. Heiðursfél. Bók.m.fél. 1919. 45 ár í stjórn Sögufél., forseti 1935–55, heiðursfél. 1917. Heiðursdoktor við H.Í. 17. júní 1936. Afmælisrit helgað honum kom út 1940. Ritstj. Fjallkonunnar 1907, Mbl. 1919, Skímis 1930, Blöndu, Tímar. lögfr. 1951–53 m.m. Merkur fræðim. í lögfr., réttarfarssögu og þjóðarætti; mikilvirkur í sagnfræði. Lézt 29. marz 1955. Reit sæg fræðigreina. Helztu rit: Ný lögfrl. formálabók. Ísl. kirkjuréttur. Réttarstaða Íslands. Ísl. þjóðfélagsfr. Þjóðréttarsamband Ísl. og Danm. (og dönsk þýð.). Þjóðabandalagið. Réttarsaga Alp. Ari fróði. Alp. og frelsisbaráttan 1845–74. Árneshvíl á landnáms- og söguöld. Játningarit ísl. kirkjunnar. – K.h. (1907): Sigriður Þorláksd. kaupm. Johnson. Áttu 5 dætur og einn son, Loga hæstaréttardómara.

Meira um hann á gardur.is



gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið tímamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 Reykjavík 10.52 13.37 16.23
 Akureyri 10.57 13.22 15.48

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagurinn 16. janúar
 16. dagur ársins 2006.

FASTEIGNASÖLUR

Atlas	28
Árborgir	26
Ás	10-12
Bífröst	23
Byggð	16
Draumahús	19-22
Eignastýring	13
Fasteignastofan	26
FMG	29
FMH	30
Foss	6
Hof	6
Hraunhamar	25
Húseign	24
Lundur	14-15
Lyngvík	27
Neteign	7
Nýtt	17
Smárin	8-9
X-hús	16

hús o.fl.

Eplið og eikin bls. 2
 Undirbúningur viðhalds bls. 3

fasteignir o.fl.

Hvað er verið að byggja bls. 15
 Hverfið mitt bls. 18

allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Fallegt raðhús til sölu á góðum og rólegum stað í Garðabæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Allar smá-
 auglýsingar
 einnig frítt í
 viku á visir.is

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
 EÐA Á [VISIR.IS](http://visir.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

SMÁAUGLÝSINGAR
 SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
 SMÁAUGLÝSINGAR
 Á visir.is

[visir](http://visir.is)

Glæsieign í Garðabæ

Fasteignasalan Ás er með til sölu
 fallegt 244 fermetra raðhús á tveimur
 hæðum á góðum stað í Garðabæ. Fal-
 leg lóð fylgir eigninni með stórra verönd.

Í sölu hjá Ás fasteignasölu er 244,4 fermetra
 raðhús á rólegum og góðum stað í Garðabæ.
 Húsið var byggt árið 1979 úr steini.

Neðri hæð hússins er 86,9 fermetrar,
 efri hæðin er 122,2 fermetrar og bílskúrinn
 er 35,3 fermetrar.

Komið er inn í flísalagða forstofu á neðri
 hæð með fatahengi og skáp. Hol er með
 flísum á gólfi og plastparket er á herbergis-
 gangi. Tvö plastparketlögð svefnherbergi
 eru á neðri hæðinni, annað með skáp, og
 flísalögð gestasnyrtingin með sturtu og
 stórum skáp.

Steyptur stigi með viðarþrepum liggur upp
 á efri hæð hússins. Alrými og gangur er með
 plastparketi. Stofa og borðstofa með góðri
 lofthæð, plastparketi og útgengi á stóra
 verönd. Eldhús er flísalagt með nýlegri



innréttingu, helluborði og ofni í vinnuhæð.
 Svefnherbergi á efri hæð eru þrjú, þau eru
 parketlögð og tvö þeirra með skápum. Bað-
 herbergið er með flísum á gólfi og vegg,
 sturtu og innréttingu.

Bílastæðið fyrir framan húsið er
 hellulagt og er lóðin fallega ræktuð með
 skemmtileg verönd í garðinum.

Ásett verð er 42,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU [FASTEIGNIR]

Opinn raforkumarkaður hefur
 verið frá 1. janúar síðastliðnum.
 Raforkumarkaðurinn er því
 orðinn frjálss og geta neytendur
 keypt rafmagn af þeim sem þeir
 kjósa. Á heimasíðu Neytenda-
 stofu, www.neytendastofa.is
 hefur verið opnaður vefur með
 leiðbeiningum til raforkunotenda
 og reiknivél þar sem neytendur
 geta séð hvar hagkvæmast er að
 kaupa raforku hverju sinni.

Gróðurhús á Hveravöllum í
 Reykjavhverfi er nú næstum
 tilbúið. Garðræktafélag Reyk-
 hverfinga hf. stóð fyrir fram-
 kvæmdunum og er húsið um
 1320 fermetrar að stærð. Húsið
 kemur í stað tveggja eldri húsa
 sem voru byggð árið 1946.

Tívolilóðin í Hveragerði er nú
 til sölu og standa eigendur

hennar í viðræðum um söluna.
 Á þeirri lóð og nálægum lóðum
 mun rísa íbúðablokk fyrir aldr-
 aða. Ekki er vitað um ásett verð
 en umrætt fjölþýlishús hefur
 aukíð á verðmæti landsins.



Heildarútlán íbúðalánasjóðs
 námu fimm milljörðum í
 desember mánuði sem er
 tæplega 26 prósent aukning
 frá því í fyrra. Fjármögnunarkjör
 íbúðalánasjóðs hafa versnað
 á undanförunum mánuðum og
 var ávöxtunarkrafa íbúðabréfa
 á bilinu 4,1 prósent til 4,3 pró-
 sent, mismunandi eftir flokkum
 íbúðabréfa, í lok ársins 2005.

Við hjálpum þér
 að eignast
 draumaheimilið

Fasteignalán

Kynntu þér kostina við fasteignalán Landsbankans.
 Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina
 sem hentar þér best. Með faglegri ráðgjöf og
 fjölbreyttum fasteignalánnum hjálpum við þér að
 eignast þitt draumaheimili. Hafðu samband í síma
 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

LEIENKA: REGIUNGUR/STEFANUS LEBJORN 1112005

Snjómokstur við hús borgar sig þegar snjór er mikill. Það er betra að gefa sér tíma til þess að moka frá dyrunum heldur en að vaða snjó upp að hjám i hvert skipti sem farið er út.



HÖFOM NÁNAST ALLT SEM ÞARF TIL DÝRAHALDS!
BÓR, FÉÐUR, BÓNAÐ OG FYLGHLUT.

LEGGJUM SÉSTAKA ÁHRIFU Á AD BÚÐA HANDFÓRADA
FUGLA, SKRÁUTAFSKA OG SJÁVARLÍFERUR

Ívörðunarfuglasar og fjölgjafuglasar

GÆLUÐYRAUPPLÝSINGAR VEFVERSLUN
RISASTÓRT SPJALLSVÆÐI GALLERÍ FYRIR
ÞÍNAR DÝRAMYNDIR

WWW.TJORVAR.IS

ÞEKKAÐRÓP IS & HAFNARSTRÆTI 17, REYKJAVÍK
ÞVERNDI 4, MÓSI - FORGABRAUT 53-60, FORGARNES
KAUFANZUR VAMTARVEGA, AKUREYRI - BYRVEGI 15, SELROSSI

GLUGGA LAUSNIR

Hafðu samband
og við komum
heim til þín

Vandað, einfalt og ódýrt

Blinds **534 1300**
www.gluggalausnir.is

Stigar & Handrið
Innihurðir
Fellihurðir
Gluggahurðir
Heildarlausnir
Hagstæð verð

Mex byggingavörur
Lynghals 3
Árbæjarhverfi
Sími 567 1300 & 848 3215
www.imex.is

GLÓFAXI HE.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

GÍTARINN HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Ópið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

ÚTSALA
10. Janúar - 10. Febrúar

Allt að 70% Afsláttur
Komið og gerið frábær kaup!

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

Útsala
á ÖLLUM vörum
Húsasmiðjunnar*

allt að
80%
afsláttur

*Nema af stjórnumerktum vörum

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



FEDGININ ÓSKAR LÁRUSAR ÁGÚSTSSON OG ERLA SÓLVEIGAR ÓSKARSDÓTTIR Á BEKK SEM ÓSKAR SMÍÐADI 1962.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eplið og eikin í Garðabæ

Nú stendur yfir sýning á verkum feðginanna Óskars Lárusar Ágústssonar og Erlu Sólveigar Óskarsdóttur í Hönnunarsafni Íslands. Óskar er húsgagnasmíðameistari en Erla er húsgagnahönnuður og því á orðatiltækið sjaldan fellur eplið langt frá eikinni vel við.

Óskar hefur haft hamar við höndina í rúm 70 ár eða allt frá því að hann fékk hefilbakk að gjöf 13 ára gamall. Hann lærði húsgagnasmíði á verkstæði Hjálmars Þorsteinsonar við Klapparstíg. „Þabbi vildi alltaf að ég færi til Danmerkur að læra. Það vildi ég ekki þó að ég viti nú að þar hefði ég lært miklu meira,“ segir Óskar.

Óskar lauk námi 1942 en sveinsstykki hans var forláta skrifborð smíðað úr viði er féll til við innréttingu hátíðasals Háskóla Íslands. Skrifborðið seldi hann síðar fyrir 5.000 kr. sem þóttu miklir peningar þá. Til viðmiðunar festu Óskar og kona hans, Elín Kjartansdóttir, kaup á íbúð í Mávahlíð nokkrum árum síðar fyrir 110.000 kr. Erla útskrifaðist frá Danmarks Design

Skole í Kaupmannahöfn 1993. Danmerkurfor hennar reyndist heilla-spör því hún hefur hlotið fjölmörg hönnunarverðlaun bæði hérlendis og erlendis fyrir verk sín. Flaggskip hennar eru stólarnir Dreki, Jaki og Bessi, en fyrir Jaka hlaut hún meðal annars viðurkenninguna Hönnun ársins 1999.

Þó að feðginin vinni á sviðuðum sviðum segist Erla ekki hafa haft það að leiðarljósi er hún valdi sér starfssvið. „Það er ekki fyrr en síðustu ár,“ segir Erla, „sem ég er farin að sjá sambengið milli þess sem ég geri og þess sem þabbi gerði.“

Þessa dagana er Erla að leggja lokahöndina á stól sem á að fara í nýja sendiherrabústaðinn í Róm. „Stóllinn heitir ekki neitt opinberlega en hingað til hef ég kallað hann Berlínarstóllinn og ætli það festist ekki við hann,“ segir Erla.

Óskar er langt frá því að leggja



Stóllinn Bessi er hannaður af Erlu en fyrir hann hlaut hún meðal annars verðlaun á World's Trade Fair í Chicago 2002.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRÍDRIK ÖRN HJALTESTO

hamarinn á hilluna. Í gegnum tíðina hefur hann smíðað flest allar frumgerðir að verkum Erlu og gerir það enn. „Ég er svo hæstánægður með að hafa verið smíður. Það er svo skapandi og verk manns endast von úr viti,“ segir Óskar.

Sýningin Eplið og eikin er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 í Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi 7 í Garðabæ.




Sófi eftir Erlu Sólveigu Óskarsdóttur.

Teiknaðu eigið eldhús

Á nýju ári huga margir að breytingum á heimilinu. Hægt er að nálgast teikniforrit á netinu sem hjálpa til við að hanna þitt eigið eldhús.

Ikea, HTH innréttingar og Ormsson bjóða upp á teikniforrit fyrir eldhús á heimasíðum sínu. Það eina sem þarf að gera er að hala niður forritinu. Svo er stærð og lengd rýmisins og gert ráð fyrir gluggum og hurðum. Svo er hægt



Auðvelt er að teikna sitt eigið eldhús með teikniforriti og fá þannig betri sýn á það hverju er óskað eftir.

að raða inn í forritið þeim innréttingum og einingum sem í boði eru hjá versluninum. Einfalt að prenta út teikninguna að draumaeldhúsinu og fara með í búðina sem aftur hjálpar sölumönnum við að fá betri hugmynd um hverju þú leitar að.

Í verslunum Ikea má einnig finna eins konar þúsluspil úr kubbum þar sem hægt að raða upp hugmyndum að skipulagi í eldhúsi á einfaldan hátt.

Teikniforritin má sjá á www.gds-hth.dk, www.ikea.is og www.oemsson.is.



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SKRIFAR UM GIFS

Margir kostir við gifs

Á Íslandi er það frekar nýtt að nota gifs til húsbýgginga, en í Evrópu og Bandaríkjunum er það algengt. Gifsframleiðsla verksmiðja í Montmartre hverfi Parísar var á sínum tíma svo mikil og til svo margvíslegra nota að gifs hefur verið kallað múrhúð Parísar. Notkun gifs nær reyndar 5000 ár aftur í tímann er Egyptar uppgötvuðu hina sérstöku eiginleika þess. Þeir blönduðu gifsi og leir saman og notuðu blönduna sem múrblöndu við byggingu pýramidanna, sem standa jú enn í dag.

Gifs er náttúrulegt steinefni. Frakkinn Lavoisier uppgötvaði efnaformúluna árið 1775, en hún er: CaSO₄ x 2H₂O. Gifs var semsagt kalsíumsúlfat og kristallað vatn. Gifs myndast við úrfellingu, en það er að finna í vötnum, sjó og á hverasvæðum. Í náttúrunni tekur það á sig ýmis form, e.o. a) hálf-gagnsæir kristallar; b) með silki-áferð eða trefjótt; eða c) kornótt og þétt í sér. Á þurrkasvæðum er einnig að finna afbrigði sem kallast Eyðimerkurrosin vegna lögunar sinnar, en efnið er ógagnsætt og í því hafa fest sandkorn. Ekki má

gleyma því að gifs er líka notað í skraut. „Alabastur“ eða mjólkursteininn er nefnilega afbrigði af gifsi notað sem tálgesteinn í listmuni.

Hrágifs er tekið í náttúrunni, þurrkað og mulið í duft. Síðan er það hitað þannig að upp gefur mestur hluti vatns sem enn er bundið í gifsið. Síðan eru mótaðar sveigjanlegar plötur, sem auðvelt er að móta og nota í margvíslega framleiðslu.

Kostir gifs sem efniviðar í byggingariðnaði eru lygilega margir. Það hljóðeinangrar, brennur ekki, endist lengi og hentar jafnt í vegg, loft og gólf. Gifs dregur í sig raka við hátt rakastig og gefur frá sér raka þegar loft verður aftur þurr, en leiðir hins vegar ekki rafmagn. Svo er það lyktarlaust og ekki er vitað til að í því séu heilsuspillandi efni.

Ef einhver segir ykkur að ekkert þýði að nota það í vegg vegna þess að ekki sé hægt að hengja upp þunga hluti, þá er það rangt. Veggurinn heldur og hluturinn líka ef réttar festingar eru valdar. Munið bara að fá ráð um réttar festingar í næstu byggingarvöruslun.

Forvörn besta ráðið

MIKILVÆGASTI ÞÁTTURINN ÞEGAR KEMUR AÐ ÖRYGGI HEIMILISINS ER AÐ KOMA Í VEG FYRIR TJÓN MEÐ ÖFLUGUM FORVÖRNUM.



Reykskynjarar bjarga mannlífum og mikilvægt er að reykskynjari sé á öllum heimilum. Best er að hafa nokkra skynjara víðs vegar um heimilið til að öruggt sé að allir heimilismenn verði þess varir fari þeir að stað. Hægt er að fá reykskynjara sem gefa boð til Neyðarlínunnar um leið og þeir verða varir við reyk. Einnig er hægt að fá samtengda skynjara sem fara allir af stað um leið og sá fyrsti nemur reyk. Ekki gleyma að athuga reglulega hvort reykskynjarinn sé í lagi og skipta reglulega um rafhlöðu í skynjaranum.

Slökkvitæki og eldvarnarteppi eru einnig nauðsynleg inni á heimilinu. Kynnið ykkur vel hvernig nota eigi slík tæki og kennið börnum ykkar helstu tókin á þau og mikilvægi þeirra. Munið að þegar eldur hefur kviknað er enginn tími til að læra réttu tókin á tækinu.

allt atvinna

Alla sunnudaga

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA
ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

16. - 30. janúar

Frábær tilboð í gangi:

50% afsl. af jólas krauti

25% - 50% afsl. af vefnaðarvöru

25% afsl. af blúndum

25% afsl. af pakkningum

25% afsl. af útsaumspk.

20% afsl. af Duncan málningu

Valin efni á kr. 200 - 300 pr. m.

hausverk / SÍA

VÖLUSTEINN
fyrir fima fingur

Bæjarlind 14 - 16 / Sími 588 9505 / www.volusteinn.is

visir

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og
upptökur þegar þér hentar



DRÍFA SIG

Að framkalla
stafrænu myndirnar

... á netinu
... af minnikortinu
... af geisladiski
... af USB minnislykli

TILBOÐ
29
krónur stk.

*gildir út janúar 2006



Álfabakka 14 s. 557 4070
www.myndval.is

Heimilislán SPK

- þú færð betri kjör hjá okkur

Þú getur notað lánið til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

Sparisjóður Kópavogs

Hlíðasmára 19 • Digranesveggi 10 • Select við Smáralind
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is



- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur hjá SPK

Stoppaðu vatnsleka snemma

Vatnsleki, vatnssöfnun og mikill raki innandyra getur leitt til þess að myglublettir og rakaskemmdir verða á heimilinu með tilheyrandi gróðurmyndun.

Gerir mygla, fúkkalykt, vatnsblettir eða saggi vart við sig skaltu reyna að komast að því hvar vandamálið á upptök sín. Ef rakaskemmdir er staðbundinn blettur á vegg, gólfi eða lofti er líklega um leka að ræða. Sé rakaskemmdir hins vegar stærri flötur þá getur verið um rakaskemmdir að ræða. Raka- og vatnsskemmdir geta auðveldlega valdið skemmdum á byggingaverki og eyðilagt málningu og því er mikilvægt er að stöðva vatnsleka sem allra fyrst til að koma í veg fyrir myglu og gróðurvöxt.

Vatn smýgur auðveldlega inn í vegg af leku þaki eða lekum grunni. Einnig kemst vatn auðveldlega inn um illa þetta glugga og hurðar. Vatnsleki og rakaskemmdir geta líka átt uppruna sinn innan veggja heimilisins



Leki í húspökum bryjar oftast á því að leiða frá sér út í vegg og skemmdir myndast á þeim. Á endanum getur loftið sjálft farið að leka og eyðilagt innbú og gólefni.



Pípur og lagnir geta lekið vatni innan veggja. Gerist það myndast staðbundinn blettur á vegg eða lofti.



Langtíma vatns- og rakaskemmdir geta valdið varanlegum skaða, myglu, fúkkalykt og gróðurmyndun ef ekkert er að gert.

Í pípum og lögnum hússins. Sé lekin í þakinu er öruggara að fá fagmann til að laga hann. Láttu pípulagningamann fara yfir allar lagnir og eftir að lekin er stöðvaður er nauðsynlegt að þurrka svæðið vel.

Hátt rakastig innandyra getur verið afleiðing af daglegum athöfnum eins og baðferðum, eldamennsku, þvotti og þurrkun. Nauðsynlegt er að loftræsta vel þau herbergi með víftum sem leiða loftið beint út. Nauðsynlegt er að þrifa loftsúrnar reglulega. Tengi úr þurrkaranum þarf einnig að leiða beint út og tryggja að hann leki ekki lofti við inntakið.

Best er að láta fagmenn um að laga mygluskemmdir til að tryggja að vandamálið verði ekki varanlegt.



Daglegar athafnir, baðferðir, þvottur og þess háttar geta hækkað rakastig í húsum. Sé illa loftræst gæti það á endanum leitt til rakaskemmda.



Það margborgar sig að láta gera úttekt á húsinu áður en viðgerðin á því er boðin út.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undirbúningur viðhalds

Þegar farið er að huga að viðgerðum á fjölbýlishúsinu, margborgar sig að láta fyrst gera úttekt á nauðsynlegum viðgerðum. Best er að nota veturna í þessar úttektir og eru mörg húsfélög farin að huga að þeim nú þegar.

„Núna er rétti tíminn til að láta gera úttekt á fjölbýlishúsum og þó það kosti nú eitthvað, þá má tryggja það að sá kostnaður kemur til baka í betri og ódýrari útboðum,“ segir Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Verkvangs, verkfræðistofu sem í tvo áratugi hefur sérhæft sig á sviði viðhalds eldri fjölbýlishúsa og er einn þeirra aðila sem gera þessar úttektir.

Í úttekt skoða sérfræðingar húsið, en skoðun á fjölbýlishúsi með fleiri en 12 íbúðir getur tekið á milli 30 og 40 klukkustundir. Svo fær húsfélagið skýrslu í hendurnar sem segir því hvað er að húsinu, hvað þarf að gera og hvernig, og hvað það kostar.

„Peningurinn sem fer í úttektina er bara smá peningur miðað við þann sem fer í viðgerðina. Þetta er grunnurinn að því að hægt sé að framkvæma viðgerðina eins ódýrt og hægt er og með þeim gæðum sem



Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Verkvangs.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

þurfa að vera, því það er nú alveg nógu slæmt að þurfa að fara út í 30 milljón króna framkvæmdir, en það er agalegt ef þær heppnast ekki,“ segir Ragnar.

Flest húsfélög reyna að hafa skýrsluna tilbúna fyrir aðalfundi sem oft eru haldnir á þessum tíma árs. Síðan er skýrslan sett í útboðsgögnin, svo allir verktakarnir hafi sömu upplýsingarnar á milli handanna þegar þeir bjóða í verkið

á vormánuðunum. Þannig fullnýtist sá stutti framkvæmdatími sem íslenska sumarið gefur verktökum, ef hægt er að komast hjá tímafrekum fundahöldum og samningsviðræðum á vorin og sumrin.

„Þú getur fengið fimm verktaka til að koma og bjóða í viðgerðir á húsinu, og allir gera það af einlægni. Sá sem býður 30 milljónir, hann er kannski með sannvirði, en það yrði aldrei tekið ef einhver annar býður 20 milljónir,“ segir Ragnar.

Rannsóknir á ástandi mannvirkja og viðhaldsþörf sýna að gera má ráð fyrir því að árlega þurfi að verja einu til tveimur prósentum af byggingarkostnaði húseignar í viðhald.

smk@frettabladid.is



GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is

lausnir }



Multipod

Margir glíma við endalaust snúruvesen á heimilum sínum þar sem raftækin verða alltaf fleiri og fleiri. Multipod er nýjasta æðið sem lausn við þessu vandamáli. Multipod er bæði lampi, millistykki og snúrugeymsla allt í senn. Hönnunin er í laginu eins og fata með loki á toppnum. Lokið nýtist sem geysmlurými fyrir síma i-pod, myndavélar og annað sem þarf að hlaða. Tækjunum er stungið í samband undir lokinu en þar eru fimm innstungna millistykki. Einnig má stinga stærri tækjum í samband og þá er hægt að þræða snúrurnar inn í fótuna svo þær liggja ekki um allt gólf. Frá Multipod kemur einnig falleg birta frá ljósdíóðu og virkar því sem falleg lýsing um leið. Þessi bráðsniðugu tæki fást í nokkrum litum og flokka má Multipodinn undir nýtsamlegt heimilispýði.



Reiknivél fyrir orkunotendur

Orkuverð hefur nú verið gefið frjálst og því geta landsmenn kosið sjálfir hvaðan þeir kaupa rafmagn sitt. Hægt er að skipta um viðskiptaaðila hvenær sem er hvort sem um heimili eða atvinnuhúsnæði er að ræða. Á vef Neytendastofu, www.neytendastofa.is, er að finna leiðbeiningar fyrir orkukaupendur og reiknivél þar sem hægt er að reikna út kostnað orku hjá mismunandi orkufyrirtækjum.

Hristið trén og brjótið grýlukertin

Þegar Vetur konungur umlykur jörð og hús með snjóþunga sín-um er margt sem ætti að huga að í kringum heimilið.

Þegar skiptist á með frosti og þíðu geta myndast mikil klakastykki á þakrennum og þakbrúnum. Á skömmum tíma geta myndast stór grýlukerti sem skemmt geta eignir og skaðað mannfólkið séu þau ekki fjarlægð. Gott er að brjóta klakann um leið og hann myndast og aðgæta um leið hvort frosið sé í þakrennunni. Sé hún stífluð af klaka má búast við því að vatn safnist á þakinu þegar snjóá leysir en það gæti leitt til raka eða leka. Einnig má huga að því að hrista



snjó úr stórum trjám. Í miklum snjóþunga geta greinar hreinlega brotnað og þá jafnvel lent inn um eða á glugga og valdið skemmdum. Einnig er ekki huggulegt þegar nokkur kíló af snjó hrynja ofan úr trjánum og niður í háls-málið á morgnana. Einfalt er að berja í trjástofninn eða í greinarnar með kústi eða öðru áhaldi. Einnig er ágætt er að ryðja snjó af göngustígum og dreifa sandi eða salti yfir til að koma í veg fyrir að fólk slasi sig í hálkunni.

Í miklum snjóþunga myndast grýlukerti sem geta verið varhugaverð. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Gleðisala

35% Afsláttur af ÖLLU!!

50% af Jólavöru!

Síðasti dagur!

opið til: 22⁰⁰

vááá!!!!

GLUGGG-INN

Fákafeni 11, Rvk. s.8611004. Bæjarhrauni 12, Hf. s.8614177

allt

tíska

Alla fimmtudaga

Fasteignasala á Netinu

neteign.is

Sími: 595 9090

100%
Verðvernd
Alltaf ódýrastir!

Fylgdu í fótspor seljanda og nýttu þér lægstu sölupóknun á Íslandi!
Allar gerðir eigna vantar vegna mikillar sölu! Þú hringir og við komum og skoðum samdægurs!

99.900 kr.
auk vsk. samtals 124.375 kr.

Einstakl íbúð – Tjarnarból á Seltj.



NÝTT

Hentug einstaklingsíbúð á góðum stað á Seltjarnnesi. Göngufæri er í Eilíðstorg. Íbúðin samanstendur af forstofu, alrými og baðherbergi. Í alrými eru fallegir skápar með haljólum lýsingu. Íbúðin er á jarðhæð. **Verð 6,6 millj.**

2. herb – Mánagata 10 Reykjavík



NÝTT

Glæsileg 49 fm íbúð á eftirsóttum stað í Reykjavík. Falleg eldhúsinnrétting. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Fallegt parket á gólf. Rúmgóð stofa og sér svefnherbergi. **Verð 12,4 millj.**

3. herb – Fífulind í Kópavogi



NÝTT

Falleg 3. herbergja 83,4 fm íbúð á eftirsóttum stað í Kópavoginum. Fallegar innréttingar eru í íbúð. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, baðkar og sturta eru á baði. Íbúðin er með fallegu Kirsuberja parketi. Þvottahús er í íbúð. **Verð 21,2 millj.**

2. herb – Drekaogur í Reykjavík



NÝTT

Nýleg og falleg 2. herbergja, 67 fm íbúð með sérinnangi og sérgarði á jarðhæð í Drekaogvi. Eldhús er með fallegri viðareldhúsinnréttingu. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf. Þvottahús er í íbúð. Frábær staðsetning. **Verð 17,9 millj.**

4. herb – Burknaveilir í Hf.



Ný og vel skipulögð 4. herbergja, 102 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Íbúðin hefur sérinnangi af svölum. Þvottahús er í íbúð. Fallegar innréttingar. Hagstæð vaxtaþrósla er á áhvalandi lánum. **Verð 23,5 millj.**

Raðpar – Hólmatún á Álftanesi.



Fallegt 5. herbergja alls 196 fm parhús með bílskúr á góðum stað á Álftanesi. Fallegur byggingarstíll og mikil lofthæð. Fallegar innréttingar og nýtt parket. Rúmgóð svefnherbergi. Sturta og nuddbaðkar. Afhendist fljótlega. **Verð 39,9 millj.**

2. herb - Kleppsvegur í Rvk



Góð 2. herbergja, 66 fm íbúð á 4. og efstu hæð á Kleppsveginum. Stórglæsilegt útsýni er úr stofu og af svölum suður yfir Reykjavíkurborg. Snyrtileg og góð íbúð. **Verð 13,9 millj.**

2. herb - Kleppsvegur í Rvk



Smekkleg og snyrtileg 2. herbergja, 50 fm íbúð á 3. hæð á Kleppsveginum í góðu húsi á Kleppsveginum. Útsýni er til austurs frá svölum. Rólegt hverfi. Íbúð miðsvæðis í Reykjavík! **Verð 12,9 millj.**

Þrjúbýli – Hlíðarvegur í Kópavogi



Falleg 4. herbergja, 118 fm íbúð á jarðhæð á besta stað í Kópavogi. Nýlegar innréttingar eru í íbúð. Herbergi eru í góðri stærð, útgengt er út á verönd frá svefnherbergisgangi. Góðar geymslur. Mikil endurnýjuð íbúð. **Verð 24,9 millj.**

4. herb - Hraunbær í Árbænum




Góð 4. herbergja, 108 fm íbúð á 2. hæð í Hraunbænum. Gólfefni eru flísar og parket. Mjög barnvænt þar sem gott leiksæði er bakvið húsið. Göngufæri í alla þjónustu! Afhending við kaupsamning. **Verð 17,9 millj.**

Þrjúbýli – Fagrákinn í Hafnarfirði



Falleg 3. herbergja risibúð í þrjúbýli, á besta stað í Hafnarfirði. Afar sjarmerandi íbúð, að hluta til undir súð. Hljónherbergi er rúmgott með góðu skáparplássi, parket er á gólf. Rúmgott þvottahús er í íbúð. **Verð 14,4 millj.**

3. herb – Kristnibraut í Reykjavík



Ný og falleg 3. herbergja, 86 fm íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi í Grafarholti. Íbúðin hefur sér inngang af svölum. Fallegar innréttingar í eldhúsi og á baði. Útgengt er út á verönd úr stofu. Hagstæð vaxtaþrósla er á áhvalandi lánum. **Verð 20,7 millj.**

3. herb – Njálsgata í miðbæ



Góð 3. herbergja, 81 fm íbúð á 2. hæð í miðbæ Reykjavíkur. Borðstofa og stofa eru samliggjandi og mynda því afar stórt og gott rými. Innréttingar eru finar. Eignin er afar mikil endurnýjuð. Húsið er nýlega klætt að utan. **Verð 20,0 millj.**

3-4ra herb – Naustabryggja í Bryggjuhverfinu Rvk.



Falleg 105 fm, 3 - 4. herbergja íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Íbúðin er með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Allar hurðir, gereft og skápar í íbúð eru úr Mahóný við. Rúmgóð herbergi. **Verð 23,4 millj.**

2. herb – Naustabryggja í Bryggjuhverfinu Rvk



Falleg 81 fm, 2. herbergja íbúð á jarðhæð. Íbúðin er með vönduðum innréttingum og gólfefnum. Útgengt er út á rúmgóðan suður sólpall frá stofu. Eldhús og geymsla eru í íbúð. Aðeins 5 íbúðir í stígagangi. **Verð 19,4 millj.**

3. herb – Njálsgata í miðbæ Rvk



Góð 3. herbergja, 83 fm íbúð á 1. hæð í miðbæ Reykjavíkur. Afar góð lofthæð er í íbúð eða 2,7 m. Nýlega er búið að taka baðherbergið í gegn. Stofan er rúmgóð og björt. Afhendist fljótlega. **Verð 17,4 millj.**

4. herb – Stóragerði í Reykjavík



Ágæt 4. herbergja, 96 fm íbúð á 1. hæð. Tvennar svalir eru í íbúð. Eldhús og stofa eru rúmgóð. Rúmgóð geymsla fylgir íbúð. Tilvalin eign fyrir laghenta. Stutt er í helstu þjónustu t.a.m Kringluna. **Verð 18,0 millj.**

4. herb – Seljabraut í Reykjavík



Góð 4. herb., 99 fm íbúð á 2. hæð ásamt 29 fm stæði í lokuðu bílskýli. Stofan er mikil og rúmgóð. Gengið er út á rúmgóðar suðvestur svalir frá stofu. Rúmg. þvottahús er í íbúð. Frábær leikastaða fyrir börn í garði. **Verð 19 millj.**

3. herb - Stekkjarberg í Hf.



Falleg 3. herbergja, 80 fm íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli á fallegum stað í Hafnarfirðinum. Íbúðin er mjög smekkleg að innan og snyrtileg. Íbúðin er í fallegu umhverfi Setbergshverfisins. **Verð 16,7 millj.**

3. herb – Sporhamrar í Grafarv.



Einkar skemmtileg 3. herbergja, 108 fm íbúð á 3. og efstu hæð í mjög góðu húsi í Hamrahverfinu í Grafarvogi. 20 fm bílskúr fylgir íbúðinni. Íbúðin er mjög rúmgóð og snyrtileg á allan hátt. Mjög góð staðsetning! Grunnskóli og 10/11 verslun í næstu götu. **Verð 23,9 millj.**



Tilboð

fyrir alla og allar gerðir eigna 99.900 auk vsk.
Einfaldlega lægsta sölupóknun á Íslandi!



FASTEIGNASALA
533 4300

BLÁU HÚSIN
V/FAXAFEN
SUÐURLANDSBRAUT 50
108 REYKJAVÍK

husid@husid.is

Salómon Jónsson - lögg. fast.sali - Húsið
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður - Húsið
Kristinn Erlendsson - sölumaður - Húsið
Steinunn Á. Frímannsdóttir - sölumaður - Húsið
Bjarni Hákonarson - sölumaður atvinnuhúsnæðis - Húsið
Ingvaldur Mar Ingvaldsson - viðskiptafræðingur - Húsið
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali - Smárinn
Ólafur Haukur Haraldsson - sölumaður - Smárinn
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður - Smárinn
Hilmar Þór Hafsteinsson - Sölumaður - Smárinn
Vilborg G. Hansen - Sölumaður - Smárinn

SMÁRINN
FASTEIGNASALA
564 6655

Verslunarmiðstöðinni
Smáralind
201 Kópavogi
smarinn@smarinn.is

VINNA SAMAN – HEILSHUGAR UM PINN HAG!

Krókavað - Rvík.



Til sölu neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað í Norðlingaholtinu. Hæðirnar eru 127,5 fm 4ra herbergja. Húsin skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga að innan. Lóð tyrfd og hellulagt bílaplan. Sjá nánar á glæsilegum vef www.husid.is/krokavad2. Verð frá 24,0 millj. - 25,2 millj.

Kólguvað - Rvík.



Til sölu efri og neðri sérhæðir í tvíbýlishúsum á frábærum stað í Norðlingaholtinu aðeins 7 hús í góttunni. Neðri hæðirnar eru 127,5 fm 4ra herbergja og efri hæðirnar 4ra herbergja 161,2 fm þar af 33,8 fm bílskúr sem fylgir eingöngu efri hæðunum. Húsin skilast tilbúin að utan og tæplega tilbúin til innréttinga að innan. Afhendingar hefjast í desember 2005. Verð frá 24,0 millj.- 28,9 millj. Sjá nánar á glæsilegum vef www.husid.is/krokavad2

Grænlandsleið - Grafarholti



Glæsilegar efri og neðri hæðir í tveggja íbúða húsi á fallegum útsýnisstað í Grafarholti. Neðri hæðin er 83 fm á 17,9 m. Efri hæðin 166,2 fm ásamt 38,8 fm bílskúr á 38,9 m. Húsið eru fullbúið að utan en að innan eru eignirnar tilbúar til innréttinga og málnar. Lóð er grófjörnuð og bílaplan tilbúið fyrir hellulögn. Hús með fallegum arkitektúr sem vert er að skoða.

Ólafsgesli - Rvík



Höfum fengið í sölu vel skipulagt 278,4 fm steinsteypt einbýli á tveimur hæðum með innb. 31,5 fm bílskúr í enda á nýrri og fallegri botnlangagötu þar sem stutt er í skóla, leikskóla og alla verslun, þjónustu og gólf. Húsið skilast fullbúið að utan og þak frágengið. Að innan skilast húsið með hitalögnum í gólf og tilbúið til flotunar, allir útevaggi múraðir og tilbúnir til sandspórtunara og rafmagnslagnir frágengnar í þá. Loftið á efri hæð er einangrað og plastað og tilbúið fyrir lagnagrind. Lóðin skilast grófjörnuð. Verð 46,7 m.

Hamrahlíð - Rvík



herbergja sérhæð á neðstu hæð í nýlega steinuðu og mjög snyrtilegu þrívíbýlishúsi á frábærum stað í hljóunum þar sem stutt er í leikskóla, barnaskóla, framhaldsskóla og alla verslun og þjónustu í Kringlunni og miðbænum. Nýtt Pergo plastparketi á öllum gólfum nema á baðherbergi sem er nýlega gegnumtekið og flísalagt í hólf og gólf. Verð 16,8 m.

Andrésbrunnur - Grafarholti.



Glæsileg 3ja herbergja 93,2 fm íbúð á jarðhæð í góðu nýlegu fjölbýlishúsi með lyftu á rólegum stað í Grafarholti ásamt ca 29 fm stæði í góðri ca87 fm þrjúgja bíla bílageymslu. Þvottarhúsi og geymsla innan íbúðarinnar. Merbau parket og innréttingar úr mahogny. Ca 40 fm sólpallur í suður með skjólgríringu. Þetta er falleg eign sem vert er að skoða. Verð 22,8 millj.

Naustabryggja - Rvík



